

27. maí 2021



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

Ársskýrsla 2020



Ársskýrsla 2020

Útg. 27. maí 2021

Umsjón: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu

Uppsetning og frágangur: Steinunn Stefánsdóttir vefstjóri og Teitur Erlingsson,  
umsjónarmaður kennslukerfa

Háskólinn á Bifröst

---

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Starfsemi Háskólans á Bifröst 2020.....  | 3  |
| Aðalfundur.....  | 6  |
| Fulltrúaráð.....   | 6  |
| Stjórn skólans.....  | 7  |
| Stjórn Háskólans á Bifröst:.....   | 7  |
| Háskólaráð.....  | 8  |
| Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2019 – 2020:.....                                    | 9  |
| Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2020 – 2021 Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor..... | 9  |
| Gæðastarf Háskólans á Bifröst.....   | 9  |
| Gæðaráð íslenskra háskóla - innra og ytra mat.....                                     | 10 |
| Undirnefndir Gæðaráðs íslenskra háskóla.....   | 11 |
| Mannauður.....   | 12 |
| .....  | 12 |
| Jafnréttisnefnd.....   | 13 |
| Jafnréttisnefnd 2019-2020:.....  | 13 |
| Jafnréttisnefnd 2020-2021:.....  | 13 |
| Kennsluvið.....  | 13 |
| Félagsvísinda- og lagadeild.....   | 14 |
| Viðskiptadeild.....  | 19 |
| Háskólagátt.....   | 24 |
| Símenntun.....   | 25 |
| Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst.....  | 25 |
| Próunar- og alþjóðasvið.....   | 27 |
| Náms- og starfsráðgjöf.....  | 29 |
| Bóka- og skjalasafn.....   | 30 |
| Uppbygging safnkosts, notkun og önnur verkefni bókasafnsins.....                       | 30 |
| <i>Prentað efni</i> .....  | 30 |
| Rafbækur.....  | 30 |
| Notkunartölur og þjónusta.....   | 30 |
| Stafræn gagnasöfn og áskriftir.....  | 31 |
| Skemman.....   | 32 |
| Opin vísindi.....  | 32 |
| Pure kerfi fyrir rannsóknir frá Elsevier.....  | 32 |

|  |    |
|--|----|
| Heimasíða bókasafnsins .....           | 32 |
| Samfélagsmiðlar .....                  | 32 |
| Samstarf við bókasöfn á Íslandi .....  | 33 |
| Skjalastjórnun.....                    | 33 |
| Skjalakerfið OneCRM .....              | 33 |
| Kennslu- og nemendaskrárkerfi .....    | 34 |
| Tölvuþjónusta.....                     | 36 |
| Hugbúnaður .....                       | 36 |
| Prentþjónusta .....                    | 36 |
| Netumhverfi .....                      | 36 |
| Markaðs- og kynningarmál.....          | 37 |
| Háskóladagurinn .....                  | 37 |
| Markaðsstarf.....                      | 37 |
| Nemendafélag Háskólans á Bifröst ..... | 38 |
| Hollvinasamtök Bifrastar.....          | 38 |
| Ársreikningur 2020.....                | 40 |
| Tölulegar upplýsingar .....            | 41 |

## Starfsemi Háskólans á Bifröst 2020

Háskólinn á Bifröst átti gott ár 2020. Það var ár umbreytinga og rektorsskipta. Dr. Vilhjálmur Egilsson kvaddi Bifröst eftir sjö ára farsælt starf og tók Dr. Margrét Jónsdóttir Njarðvík við af honum þann 1. ágúst.

Nemendum skólans fjölgaði mikið, námsframboð var aukið, rekstur skólans gekk vel og skilaði hagnaði sem ekki hefur sést í áratug. Mikil aðsókn var að Háskólanum á Bifröst árið 2020. Alls voru 1138 nemendur í skólanum á haustönn og fjölgaði þeim frá 937 á haustönn 2019. Aldrei hafa verið fleiri nemendur á haustönn í Háskólanum á Bifröst en 2020. Nýnemar í grunnnámi voru 262. Þar af kom 41 inn í skólann á vorönn en 221 á haustönn, en haustin eru jafnan sú önn sem flestir koma nýir inn í skólann. Nýnemar í meistaranámi voru 211 og þar af komu 30 inn á vorönn en 181 á haustönn. Í Háskólagáttina komu 42 nýir nemendur. Þá komu 40 nýnemar inn á sumarönn.



Hagnaður af rekstri Háskólans á Bifröst á árinu 2020 var 96,4 milljónir. Eigið fé í árslok 2020 var neikvætt um kr. 53,6 millj. kr. en það var neikvætt um 150,0 millj. kr. í lok árs 2019. Stór skref hafa verið stigin til þess að ná stöðugleika í fjármálum skólans. Skólinn er þó enn með neikvætt eigið fé en mestu skiptir að svigrúm hefur myndast til fjárfestinga, átaks í viðhaldi og endurbótum eigna. Framlag ríkisins til skólans nam 540,7 millj. kr. sem er hækkun um 43,8 millj. kr. eða tæp 9% frá árinu á undan en þá var framlagið 496,9 millj. kr.

Tekjur af skólagjöldum námu 520 milljónum kr. á árinu 2020 og hækkuðu frá 397 milljónum kr. á fyrra ári. Launakostnaður er langstærsti kostnaðarliður skólans og jafnan um 70 % af heildarkostnaði. Hækkun launakostnaðar milli ára stafar m.a. af auknum nemendafjölda, rektoraskiptum og starfsmannaveltu. Fjármálastjórn skólans er eins og undanfarin ár í sérlega öruggum höndum Hafsteins Sæmundssonar.

Þó heimsfaraldurinn hafi reynt öllum áskorun þá mótaði farsóttin sérstöðu Háskólans á Bifröst. Viðbrögð skólans við faraldrinum voru fúmlaus og hafði ástandið í þjóðfélaginu afar lítil áhrif á skólastarfið. Neyðarstjórn skólans skipti skólanum í sóttvarnarhólf og enn hefur ekkert smit komið upp innan skólans.

Samkeppni í fjarnámi gerbreyttist þar sem allir háskólar landsins breyttust í fjarkennsluháskóla á einni helgi. Háskólinn á Bifröst tryggði sess sinn í fjarnámi á Íslandi þar sem skólinn hefur á að skipa kennurum sem hafa áralanga kennslu í fjarnámi, vilja stunda fjarkennslu og eru góðir í henni. Því er óhætt að fullyrða að heimsfaraldursinn hafi verið lyftistöng fyrir skólann og öðlaðist fjarnám verðskuldaða viðurkenningu.

Á haustönn 2020 voru flestir nemenda skólans búsettir annars staðar en á Bifröst. Nemendur koma víða að og er hlutfallsleg skipting búsetu þeirra áþekkt því sem almennt gildir meðal þjóðarinnar. Jafnan er nokkur hópur nemenda búsettur erlendis. Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á að hann komi til nemandans en ekki að nemandinn komi til skólans. Nemendur skólans eiga að geta stundað námið að mestu óháð því að þurfa að festa sig á tilteknum stað eða á tilteknum tíma en helstu undantekningar frá þessu eru staðlotur og lokapróf. Skólanum hefur tekist vel að aðgreina sig og skilgreina sérstöðu sína meðal íslenskra háskóla. Innleiðing á nemendaskrárkerfinu Uglu hélt áfram á árinu 2020. Kerfið er þróað af Háskóla Íslands og stýrt af honum. Innleiðing Uglu er framfaraskref og mun leiða til hagræðingar á kennslusviði skólans. Því miður hefur forritun í Háskóla Íslands gengið hægar en við væntum en það stendur til bóta. Innleiðingu á kennslukerfinu Canvas er lokið sem og prófakerfinu Inspira. Meðalfjöldi starfsmanna miðað við heilsársstörf var 41,8 á árinu 2020 en voru 38,6 á árinu 2019. Með nýjum rektor verða ávallt mannabreytingar. Ráðinn var tölvunarfræðingur til skólans, Auðbjörg Jakobsdóttir og tryggir það festu í utanumhaldi um kerfin og alla tölfræði. Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir var ráðin kennslustjóri í ágúst og hefur hún náð góðum árangri með teymi sitt. Þá hóf Dr. Arney Einarsdóttir mannauðsstjóri störf í upphafi árs og hefur hún lyft grettistaki í mannauðsmálum skólans. Ráðinn var nýr umsjónarmaður háskólagáttar og símenntunar, Guðjón Ragnar Jónasson og var ákveðið að bjóða upp á öll námskeið skólans í gegnum símenntun. Guðjón Ragnar tók jafnframt að sér Hollvinafélagið og hefur reynst nýjum rektor haukur í horni. Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir var ráðin inn á alþjóðasvið skólans og átti veg og vanda að umsókn Bifrastar í samtök evrópskra fjarkennsluháskóla. Steinunn Stefánsdóttir var ráðin inn sem vefstjóri og hefur hún nú þegar breytt ásýnd heimasíðunnar. Dr. Njörður Sigurjónsson tók við keflinu sem deildarforseti félagsvísindadeildar eftir að hafa rekið nám í menningarstjórnun við góðan orðstýr í fjölda ára. Elín Jónsdóttir viðskiptalögfræðingur var ráðin til þess að veita laganáminu tímabundna forstöðu. Vinna hennar leiddi til þess að ákveðið var að aðskilja lagadeild frá félagsvísindadeild. Þá hætti Sigurður Ragnarsson deildarforseti viðskiptadeildar störfum og tók Jón Snorri Snorrason að sér að veita deildinni forstöðu þar til nýr deildarforseti yrði ráðinn. Undirbúningur hófst að nýrri námsbraut í áfallastjórnun undir forystu Ásthildar Elvu Bernharðsdóttur og jafnframt vann Guðjón Ragnar Jónasson námskrá fyrir háskólagátt á ensku og nám í íslensku fyrir þá sem ekki eiga íslensku að móðurmáli.

Gæðamál voru í brennidepli á árinu. Gæðaúttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla fór fram í þriðju viku október þegar nýr rektor hafði ekki setið nema í ellefu vikur en allir háskólar landsins fara í gæðaúttekt á fimm ára fresti. Vegna heimsfaraldursins var um rafræna úttekt að ræða. Í nóvember var kynnt niðurstaða nefndarinnar. Miklar framfarir hafa átt sér stað frá síðustu úttekt árið 2015. Fjárhagsstaða skólans er nú góð og aldrei hefur hlutfall kennara með doktorspróf verið eins hátt og nú. Þá telur úttektarnefndin að nýr rektor hafi jákvæð áhrif á háskólasamfélagið á Bifröst og eftir því er tekið hversu vel starfsfólk skólans helgar sig þjónustu við nemendur. Þá er lofuð jákvæð þróun kennsluhátta og umsýslu og því hrósað að nemendur fái hagnýta þjálfun kennara úr viðskiptalífínu sem undibúa þá undir störf á vinnumarkaði. Loks er skólanum hrósað sérstaklega fyrir fumlauð viðbrögð við heimsfaraldrinum árið 2020 og almenna jákvæða námsupplifun nemenda. Úttektarnefndin tiltekur einnig atriði sem fara mega betur. Þar eru nefnd atriði eins og skýrari stefna, markvissara gæðaeftirlit, hærra hlutfall fastra kennara, betra utanumhald um starfsmannamál og gagnasöfnun. Frá því að niðurstöður gæðaráðsins lágu fyrir hefur skólinn unnið ötullega að þeim þáttum sem betur mega fara.

Stórt skref var stigið þegar Háskólinn á Bifröst hlaut jafnlaunavottun. Með því eru launakerfi skólans fyrir akademíska starfsmenn sem og starfsmenn í stjórnslu og þjónustu gerð formleg og gegnsæ. Háskólinn á Bifröst á allt hlutafé í fasteignafélaginu Kiðá ehf. sem á og rekur nemendagarða á Bifröst. Kiðá ehf. hefur átt í rekstrarerfiðleikum og er með neikvætt eigið fé. Samningar við Húsnæðis og mannvirkjastofnun hafa verið verkefni Háskólans á Bifröst í fjölda ára. Þann 30. desember var undirritaður samningur um fjárhagslega endurskipulagningu Kiðár sem vonandi leiðir til sjálfbærni í rekstri fasteigna á Bifröst. Er það mikið gleðiefni. Háskólinn á Bifröst ber ekki aðra fjárhagslega ábyrgð á rekstri þessa félags en sem svarar því hlutafé sem lagt hefur verið til þess.

Nýjum rektor fylgja nýjar áherslur og var ákveðið að leggja grunn að nýrri stefnu fyrir skólann í janúar 2021. Fyrstu mánuðir í starfi eru ávallt krefjandi en jafnframt gefandi. Til allrar hamingju býr Háskólinn á Bifröst við mikinn og samstilltan mannauð og mikinn velvilja í þjóðfélaginu. Þá tel ég mig vera lánsama að vinna með velviljaðri og samhentri stjórn og að öðrum ólöstuðum vil ég þakka Leifi Runólfssyni alúð og stuðning. Menntamálaráðherra Lilja Alfreðsdóttir, félagsmálaráðherra Ásmundur Einar Daðason og fjármálaráðherra Bjarni Benediktsson hafa öll unnið skólanum gagn með verkum sínum og greitt götu hans með farsælum ákvörðunum, auk þess sem skólinn nýtur mikils velvilja frá þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

Nú stendur skólinn sterkur og á bjarta framtíð fyrir sér. Starfsmönnum öllum þakka ég þolinmæði við nýjan rektor og ósérhlífni í vinnu og ég hlakka til að takast á við spennandi verkefni næsta árs.

## Aðalfundur

Aðalfundur Háskólans á Bifröst vegna ársins 2020 var haldinn 7. maí 2020 á Bifröst. Dr. Vilhjálmur Egilsson rektor flutti skýrslu stjórnar og rektors um starfsemi skólans árið 2019. Ársreikningur 2019 var lagður fram til kynningar og var hann samþykktur samhljóða. Farið var yfir rekstur dóttur- og hlutdeildarfélagi Háskólans á Bifröst. Rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir yfirstandandi ár var kynnt. Löggiltur endurskoðandi skólans, KPMG, var kjörinn. Kosið var í fulltrúaráð og stjórn skólans.

## Fulltrúaráð

Háskólaráð Háskólans á Bifröst, Borgarbyggð, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra samvinnufélaga og Hollvinasamtök Háskólans á Bifröst skipa fulltrúaráð og stjórn háskólans. Fulltrúaráðsfundir hafa æðsta vald í málefnum háskólans er varða rekstur og fjármál. Fulltrúaráð fundar a.m.k. einu sinni á ári og er sá fundur jafnframt aðalfundur Háskólans á Bifröst. Verkefni fundarins er að greina frá starfsemi háskólans og samþykkja ársreikning hans fyrir undanfarið rekstrarár. Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst er skipað 15 einstaklingum og fimm til vara. Hver þessara aðila tilnefnir þrjá fulltrúa og einn til vara. Í fulltrúaráði á aðalfundi árið 2020 sátu eftirtaldir fulltrúar:

### Í fulltrúaráði á aðalfundi árið 2020 sátu eftirtaldir fulltrúar:

Fyrir Borgarbyggð:

Aðalmaður: Magnús Smári Snorrason

Aðalmaður: Lilja Björg Ágústsdóttir

Aðalmaður: Helgi Haukur Hauksson

Varamaður: Friðrik Aspelund

Fyrir Hollvinasamtök Bifrastar:

Aðalmaður: Andri Björgvin Arnþórsson

Aðalmaður: Hjörtur Smári Vestfjörð

Aðalmaður: Halldór Þorsteinsson

Varamaður: Gauti Skúlason



Fyrir Háskólaráð Háskólans á Bifröst:

Aðalmaður: Sigrún Lilja Einarsdóttir

Aðalmaður: Brynjar Pór Þorsteinsson

Aðalmaður: Helga Kristín Auðunsdóttir

Varamaður: Bjarni Heiðar Halldórsson

Fyrir Samband íslenskra samvinnufélaga:

Aðalmaður: Ólafur Sigmarsson

Aðalmaður: Reimar Marteinnsson

Aðalmaður: Skúli Skúlason

Varamaður: Hannes Karlsson

Fyrir Samtök atvinnulífsins:

Aðalmaður: Davíð Þorláksson

Aðalmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Aðalmaður: Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

Varamaður: Tryggvi Másson

Fulltrúaráð ákvarðar þóknun stjórnarmanna.

## Stjórn skólans

Stjórn skólans mótar stefnu hans og setur honum reglugerð. Stjórn skal halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Stjórnin skal fylgjast með fjárhag Háskólans á Bifröst, einkum með því að tekjur standi undir kostnaði og skuldbindingum. Stjórn og rektor Háskólans á Bifröst gera fulltrúaráði grein fyrir fjárhag og rekstri skólans á aðalfundi hvers árs. Stjórn Háskólans á Bifröst:

### Stjórn Háskólans á Bifröst:

Formaður stjórnar er Leifur Runólfsson

Frá Borgarbyggð:

Aðalfulltrúi: Inga Dóra Halldórsdóttir



Varafulltrúi: Sigurður Guðmundsson

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Aðalfulltrúi: Leifur Runólfsson

Varafulltrúi: Hallur Jónasson

Frá háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Aðalfulltrúi: Auður H. Ingólfssdóttir

Varafulltrúi: Signý Óskarsdóttir

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Aðalfulltrúi: Gunnar Egill Sigurðsson

Varafulltrúi: Guðsteinn Einarsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Aðalfulltrúi: Marteinn Jónsson

Varafulltrúi: Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir



## Háskólaráð

Háskólaráð er ráðgefandi í málum Háskólans á Bifröst. Þar sitja rektor, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, þrjár fulltrúar kennara sem kennslu- og rannsóknarráð tilnefni, einn fulltrúi annarra starfsmanna háskólans sem tilnefndur er á starfsmannafundi, þrjár nemendur úr grunnnámi, einn fulltrúi nemenda háskólagáttar og einn fulltrúi meistaranema. Fulltrúar nemenda eru kjörnir af nemendum. Rektor er heimilt að bjóða fleiri aðilum seturétt í háskólaráði eftir því sem þurfa þykir. Þessir aðilar hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Gæðastjóri, fjármálastjóri og fulltrúi íbúaráðs sitja að öllu jöfnu fundi háskólaráðs. Háskólaráð fundar að jafnaði mánaðarlega yfir skólaárið. Fundargerðir ráðsins eru birtar á vef skólans.

## Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2019 – 2020:

Vilhjálmur Egilsson, rektor

Dagný Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu  
Margrét Vagnsdóttir, fulltrúi starfsmanna  
Njörður Sigurjónsson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Jón Snorri Snorrason, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Helga Kristín Auðunsdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Erna Guðrún Kaaber, fulltrúi meistaranema  
Bjarni Heiðar Halldórsson, fulltrúi grunnnema  
Leifur Finnbogason, fulltrúi grunnnema  
Hafdís Jóhannsdóttir, fulltrúi grunnnema  
Magni Freyr Möller Magnússon, fulltrúi Háskólagáttarnema

## Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2020 – 2021

Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu- og þjónustu  
Margrét Vagnsdóttir, fulltrúi starfsmanna  
Sigrún Lilja Einarsdóttir, fulltrúi kennara  
Arney Einarsdóttir, fulltrúi kennara  
Sævar Finnbogason, fulltrúar kennara  
Vignir Már Sigurjónsson, fulltrúi meistaranema  
Bjarni Heiðar Halldórsson, fulltrúar grunnnema  
Júlíus Andri Þórðarson, fulltrúar grunnnema  
Ragnheiður I. Sigurgeirdóttir, fulltrúar grunnnema  
Hlynur Finnbogason, fulltrúi Háskólagáttarnema

## Gæðastarf Háskólans á Bifröst

Gæðastefna Háskólans á Bifröst leitast við að mæta kröfum um gæði sem gerðar eru til ytra og innra mats á störfum íslenskra háskóla. Gæðastarfinu er ætlað að vinna að því bæta og efla gæði náms, kennslu og rannsókna við háskólann og með því að bjóða upp á lærdómssamfélag sem mætir íslenskum og alþjóðlegum gæðakröfum sem og að tryggja gæði prófgráða frá háskólanum. Gæðastarfið þarf að vera opið, gagnsætt, einkennast af gagnrýnum og framsýnum viðhorfum og fela í sér viðleitni til stöðugra umbóta.

Starfsemi Háskólans á Bifröst felur í sér þátttöku í evrópska háskólasvæðinu (e. European Higher Education Area). Gæðakerfi háskólans tekur mið af leiðbeiningum sem settar eru fram í ritinu *Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area*. Háskólinn á Bifröst starfar eftir rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi, leitast við að uppfylla kröfur Gæðaráðs íslenskra háskóla og tekur virkan þátt í samstarfi háskóla á sviði gæðamála á vettvangi ráðgjafanefndar og REAC hóps gæðaráðsins.

Gæðahandbækur Háskólans á Bifröst fela í sér lýsingu á gæðakerfi hans, afmörkun verkefna og ábyrgðar og verklagsreglur sem móta starf skólans um nám, kennslu, rannsóknir og aðra helstu þætti í starfsemi hans. Áhersla hefur verið á að þróa og safna saman lykiltölum og öðrum gögnum sem nýtast í innra mati skólans, samhliða innleiðingu á nýju nemendaskráninga- og upplýsingakerfi háskólans sem tekið var í notkun árið 2019. Liður í þessari innleiðingu er uppstokkun á allri gagnavinnslu háskólans og haustið 2020 tók til starfa sérfræðingur til að leiða þá uppbyggingu. Þessu tengt er vinna á vettvangi ráðgjafanefndar gæðaráðsins og allra háskóla landsins við að móta og þróa sameiginlega gæðavísa. Innleiðing þeirra er áætluð á árinu 2021. Unnið var að ýmsum þróunarmálum tengt mannauðsmálum í framhaldi af því að mannauðsstjóri tók til starfa í byrjun ársins. Eyðublöð og leiðbeiningar varðandi starfsmannasamtöl voru endurskrifuð m.a. með það að markmiði að auka sjálfsmat starfsmanna og bæta áætlanir um starfsþróun og frammistöðumat. Sú vinna heldur áfram og mun skila sér í uppfærslu á handbók um mannauðsmál. Á árinu fór fram vinna skv. áætlunum úr sjálfsmatsskýrslum háskóladeilda um reglubundið mat á innihaldi námslína en þau verkefni eru í reynd stöðugt í gangi þar sem hver námslína er endurskoðuð á 3-5 ára fresti. Áfram var unnið að tilteknum gæðaverkefnum sem tengjast námi og kennslu. Árið mótaðist þó af Covid-19 þar sem skipulag náms og kennslu var óhjákvæmilega að hluta með breyttu sniði, fyrst og fremst hvað varðar vinnuhelgar nemenda og við framkvæmd námsmats. Teams var mikilvægt tæki til samskipta kennara og nemenda og verða slíkir fundir þróaðir áfram til viðbótar við hefðbundar vinnuhelgar á Bifröst. Stefán Kalmansson var gæðastjóri Háskólans á Bifröst á árinu 2020.

### **Gæðaráð íslenskra háskóla - innra og ytra mat**

Gæðaráð íslenskra háskóla (qef.is) hefur sett fram rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (Quality Enhancement Framework Handbook) og birt í sérstakri handbók. Rammaáætlunin kveður á um að á fimm til sjö ára tímabili skuli fara fram kerfisbundið mat á gæðum háskólastarfs á Íslandi. Matið fellst

annars vegar í innra mati (sjálfsmati) faglegra eininga innan háskólanna og hins vegar í ytra mati á háskólum framkvæmt af erlendri sérfræðinganefnd.

Árið 2020 einkenndist af undirbúningi fyrir ytra mat á háskólanum. Þetta var í annað sinn sem slík úttekt fór fram (QEF2) en fyrsta úttektin fór fram árið 2015 (QEF1). Á árinu 2019 tók til starfa vinnuhópur sem stýrði undirbúningi og gerð sjálfsmatskýrslu stofnunar (Reflective Analysis). Vinnuhópurinn hélt alls 20 fundi, þar af tíu á árinu 2020. Sjálfsmatskýrslu háskólans var skilað til Gæðaráðs íslenskra háskóla 30. júní en hún ásamt fylgigögnum inniheldur yfirgripsmiklar upplýsingar sem úttektarnefnd háskólans hafði til umráða til að undirbúa og framkvæma úttektina. Áður höfðu akademískar deildir háskólans skilað sínum sjálfsmatskýrslum á árunum 2018 og 2019.

Fundur var haldinn með formanni og varaformanni Gæðaráðs íslenskra háskóla í byrjun júní til undirbúnings fyrir ytra mat. Vegna Covid-19 var óvissa með hvort úttektarnefndin gæti heimsótt háskólann. Til greina kom að fresta úttektinni eða að hún færi fram í gegnum fjarfundi. Niðurstaðan var að halda sig við gefnar tímasetningar og halda fundi nefndarinnar með starfsfólki, nemendum og ytri aðilum á fjarfundum. Fulltrúi Gæðaráðs íslenskra háskóla gagnvart Háskólanum á Bifröst er Ellen Hazelkorn. Hún hélt fjarfund með fulltrúum háskólans í síðari hluta júní þar sem áherslumál í gæðamálum voru rædd.

Stofnunarúttektin fór fram dagana 26. til 30. október og var hún framkvæmd af nefnd skipaðri af Gæðaráði íslenskra háskóla. Í henni sátu fjórir erlendir sérfræðingar og einn íslenskur háskólanemi. Tekin voru viðtöl við meira en 80 manns, bæði núverandi og fyrrverandi nemendur og starfsfólk Háskólans á Bifröst, ásamt einnig fulltrúum frá stundakennurum, stjórn og fulltrúaráði háskólans. Tilgangurinn var að kanna gæði prófgráða og draga fram upplifun nemenda af því að stunda nám við háskólann. Jafnframt var umgjörð rannsókna við háskólann skoðuð og metin. Þessu ferli var ekki lokið í árslok og heldur því áfram fram á árið 2021.

### **Undirnefndir Gæðaráðs íslenskra háskóla**

Sérstök ráðgjafarnefnd starfar sem undirnefnd gæðaráðsins sem er skipuð fulltrúum háskólanna, stúdenta (LÍS) og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Nefndin er tengiliður á milli gæðaráðsins og háskólanna og situr formaður hennar fundi ráðsins. Auk þess að vera gæðaráði til ráðgjafar um framkvæmd rammaáætlunarinnar

er ráðgjafarnefndin samráðsvettvangur háskólanna og gengst fyrir málþingum og fræðslu um gæðamál. Ráðgjafarnefnd gæðaráðs starfar á grundvelli ákvæða í handbók Gæðaráðs íslenskra háskóla. Stefán Kalmansson gæðastjóri var fulltrúi Háskólans á Bifröst í nefndinni á árinu 2020. Research Evaluation Advisory Committee (REAC) er önnur undirnefnd gæðaráðsins sem fjallar um gæðamál tengd rannsóknum. Nefndin hafði starfað um skeið án þess að þar væru fulltrúar allra háskólana en á árinu 2020 var þeim boðið að tilnefna fulltrúa í nefndina. Á árinu 2020 var unnið að innleiðingu á upplýsingakerfi fyrir rannsóknir á Íslandi, svokallað landskerfi. Allir háskólar á Íslandi, ásamt fleiri rannsóknarstofnunum verða aðilar að þessu kerfi og hefur REAC nefndin tekið þátt í að fjalla um innleiðingu þess sem verður tekið í notkun á árinu 2021. Sigrún Gunnarsdóttir prófessor var skipuð fulltrúi Háskólans á Bifröst í REAC nefndinni.

## Mannauður

Í árslok 2020 voru 47 starfsmenn við störf við Háskólann á Bifröst. Í árslok 2019 voru þeir 45 talsins. Heildarstöðugildi á árinu 2020 voru 41,8 en 38,24 á árinu 2019.

Á árinu 2020 störfuðu 83 stundakennarar við skólann, í ígildi um 16 stöðugilda (miðað við að eitt námskeið sé ígildi 12% starfshlutfalls), þar af voru konur 42 eða 51%.

Meðalaldur starfsfólks á háskólaskrifstofu og í öðrum störfum í stjórnáslunni var 46,4 ár og meðalaldur akademískra starfsmanna 50,6 ár.

Starfsmannavelta meðal akademískra starfsmanna í föstum stöðum var 11,1% og 13,8% meðal starfsfólks í stjórnáslunni (undanskilin eru aldurstengd starfslok og miðað er við starfsmannafjölda í árslok).

Á árinu 2020 voru 58% akademískra starfsmanna Háskólans á Bifröst með doktorspróf.

|                                   | Stöðugildi  | Hlutfall af   |           |           |            |            |
|-----------------------------------|-------------|---------------|-----------|-----------|------------|------------|
|                                   |             | heildarfjöldi | kk        | kvk       | %kk        | %kvk       |
| Háskólaskrifstofa                 | 21.4        | 51%           | 14        | 24        | 34%        | 66%        |
| Viðhald, ræsting og öryggisvarsla | 2.8         | 7%            | 2         | 3         | 40%        | 60%        |
| Fastráðnir akademískir starfsmenn | 16.3        | 39%           | 12        | 6         | 67%        | 33%        |
| Önnur menntastarfsemi             | 1.3         | 3%            | 1         | 1         | 50%        | 50%        |
| <b>Samtals fastráðnir</b>         | <b>41.8</b> | <b>1.0</b>    | <b>29</b> | <b>34</b> | <b>46%</b> | <b>54%</b> |



## Jafnréttisnefnd

### Jafnréttisnefnd 2019-2020:

Dr. Ingólfur Arnarson, formaður

Sólveig Hallsteinsdóttir, fulltrúi starfsfólks

Helga Sigurlína Halldórsdóttir, fulltrúi nemenda

### Jafnréttisnefnd 2020-2021:

Sigrún Lilja Einarsdóttir, formaður (út árið 2020)

Steinunn Stefánsdóttir, formaður (frá áramótum 2021)

Sólveig Hallsteinsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Bjarni Heiðar Halldórsson, fulltrúi nemenda

Hlutverk jafnréttisnefndar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála innan Háskólans á Bifröst. Jafnréttisáætlun skólans er endurskoðuð af jafnréttisnefnd en framkvæmd og ábyrgð er í höndum rektors.

14. fundur samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa háskólanna var haldin í Háskólanum í Reykjavík dagana 5. og 6. mars 2020. Á fundinum var farið yfir mál hvers skóla fyrir sig og önnur mál rædd eins og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, starfsáætlun samráðsvettvangsins og fleira.

15. fundur samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa háskólanna var haldinn á Zoom 12. október 2020 vegna Covid-ástandsins. Á fundinum var farið yfir mál hvers skóla sem og jafnréttismál líðandi stundar voru rædd.

Sigrún Lilja Einarsdóttir hefur verið formaður jafnréttisnefndar en Steinunn Stefánsdóttir tók við af henni um áramót 2020-2021. Jafnréttisdagar Háskólanna fóru fram dagana 1. – 5. febrúar 2021. Háskólarnir stóðu saman að mörgum áhugaverðum og skemmtilegum viðburðum sem allir fóru fram rafrænt að þessu sinni.

## Kennslusvið

Verkefni kennslusviðs lúta að framkvæmd kennslu og þjónustu og heildarþjónustu við nemendur, kennara og annað starfsfólk skólans. Meðal verkefna sviðsins er umsjón með kennslukerfum, nemendaskrá skólans, útskriftum, móttöku umsókna, útgáfu vottorða eða annarra staðfestinga vegna náms, umsýsla vegna lokaritgerða, framkvæmd lokaprófa, náms og starfsráðgjöf og umsjón með starfsnámi. Starfsmenn kennslusviðs

sjá einnig um mikilvæga þætti í skólastarfinu eins og framkvæmd kennslumats og skipulagningu á vinnuhelgum. Eins er skipulag skólaársins, lotuskiptingar og tölfraeði skólans á ábyrgð sviðsins.

Á árinu 2020 urðu breytingar á starfsmannahópi sviðsins, tveir hættu störfu á árinu, einn starfsmaður færðist í starfi innan sviðsins og einn starfsmaður sem var í öðrum störfum innan skólans færðist yfir á kennslusvið. Fyrirkomulagi í starfi sviðsins var einnig breytt þegar tekin voru upp störf þriggja verkefnastjóra námslína. Verku er þannig skipt að einn verkefnastjóri heldur utan um meistaranám, annar utan um grunnám viðskiptadeildar og þriðji utan um grunnám lagadeildar, félagsvísindadeildar og háskólagátt. Starf forstöðukonu bókasafns og skjalastjóra færðist undir skrifstofu rektors. Alls störfuðu því 10 manns á kennslusviði í lok árs 2020 níu konur og einn karl

Innleiðing nýrra kerfa, Uglu, Canvas og Inspera hefur haldið áfram. Innleiðing Inspera og Canvas hefur gengið vel og er langt á veg komin en innleiðing Uglu og yfirfærsla á upplýsingum gekk ekki eins vel og áætlað hafði verið á árinu 2020. Úr því verður bætt 2021.

Á haustmánuðum var mikil áhersla lögð á fræðslu til kennara vegna innleiðingar tölvukerfanna. Það var gert með ýmsum hætti, námskeiðahaldi, stuttum fræðslumyndböndum en mest með einstaklingsbundinni nálgun.

## Félagsvísinda- og lagadeild

2020 var þriðja starfsár sameinaðrar félagsvísinda- og lagadeildar, en deildarforseti hennar er Dr. Njörður Sigurjónsson, prófessor. Ari Karlsson tók tímabundið við umsjón lagadeildar á vormánuðum. Elín Jónsdóttir tók við umsjón með laganámi við upphaf haustannar. Í deildarráði í lok árs 2020 sátu Njörður Sigurjónsson, Elín Jónsdóttir, og Bryndís Gunnarsdóttir, nemandi í miðlun og almannatengslum. Í deildinni störfuðu 8 fastráðnir kennarar, tvær konur og 6 karlar.

Á haustmánuðum var unnið að stefnumótun um framtíð laganáms við háskólann og varð niðurstaða þeirrar vinnu að styrkja þyrfti námið. Í þeim tilgangi var samþykkt að aðskilja félagsvísinda- og lagadeilda að nýju, ráða deildarforseta og fjölga fastráðnum kennurum. Skerpa ætti á viðskiptalögfræðiáherslu skólans og byggja þannig á sérstöðu hans í innlendu námsframboði.



Skólaárið 2020 – 2021 hófst venju samkvæmt og þrátt fyrir heimsfaraldur með móttöku nýnema í ágúst þar sem áherslur námsins, kennslufyrirkomulag og kennsluaðferðir voru kynntar. Á skólaárinu 2020-2021 voru í boði fimm námsbrautir í grunnnámi.

## Grunnnám

### *BS í viðskiptalögfræði*

Háskólinn á Bifröst var fyrstur háskóla á Íslandi til að bjóða upp á annað nám á sviði lögfræði en í lagadeild HÍ. Þróun í kennslu í fjarnámi í viðskiptalögfræði hefur haldið áfram eftir að byrjað var að kenna viðskiptalögfræði í fjarnámi haustið 2015. Jafnframt hefur verið boðið uppá BS í viðskiptalögfræði með vinnu, sem hefur mælst sérstaklega vel fyrir. Eins og í aðrar námslínur í félagsvísinda- og lagadeild var aðsókn í grunnnám í viðskiptalögfræði góð haustið 2020.

### *BA línur í miðlun og almannatengslum, í opinberri stjórnsýslu og í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)*

Aðsókn í nám í miðlun og almannatengslum haustið 2020 var mjög góð svo og í HHS. Námslínurnar eru að hluta til samþættar og styðja við hvor aðra auk þess að tengjast námsbraut í opinberri stjórnsýslu. Þokkaleg aðsókn var í nám í opinberri stjórnsýslu en fyrsti hópurinn í diplómanámi í opinberri stjórnsýslu, sem hóf nám haustið 2017, útskrifaðist vorið 2020.

### *Nýsköpun í grunnnámi – ný námsbraut í skapandi greinum*

Haustið 2020 var farið af stað með nýtt diplómanám í skapandi greinum og fór það vel af stað. Stefnt er að því að bjóða það til BA gráðu frá haustinu 2021. Námið í skapandi greinum er á grunnstigi sem veitir nemendum menntun og þjálfun til að starfa í þessum vaxandi atvinnuvegi eða hafa áhuga á að leggja fyrir sig rannsóknir sem tengjast skapandi greinum.



## Meistaránám

Fjórar námsbrautir eru nú kenndar á meistarastigi í félagsvísinda- og lagadeild, en stefnt er að inntöku í þá fimmtu, áfallastjórnun, á haustönn 2021.

### *MA/MCM í menningarstjórnun*

Aðsókn að meistaránámi í menningarstjórnun hefur sjaldan verið betri en fimmtán ár eru nú síðan námið hóf göngu sína. Boðið er uppá tvær áherslulínur; annars vegar 90 ECTS MA-gráðu sem nemendur ljúka með því að skrifa 30 ECTS lokaritgerð og hins vegar 90 ECTS MCM-gráðu (Master of Cultural Management) með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf þar sem nemendur vinna 12 ECTS hagnýtt lokaverkefni. Námslínur í menningarstjórnun eru í stöðugri endurskoðun og hefur áherslan verið m.a. á að auka við stjórnunar og nýsköpunarþátt námsins. Nemendur sem lokið hafa meistaránámi í menningarstjórnun starfa víða innan menningargeirans á Íslandi í dag, og þá einkum við skapandi miðlun og stjórnunarstörf.

### *ML/MBL í viðskiptalögfræði*

Námslína í meistaránámi í viðskiptalögfræði fór af stað í janúar 2017. Nemendur geta bæði tekið 120 ECTS ML-gráðu í lögfræði (sem lýkur með 30 ECTS ritgerð) eða 90 ECTS MBL-gráðu í viðskiptalögfræði (Master of Business Law) án meistararitgerðar. MBL-námið er eina nám sinnar tegundar á Íslandi – það er stjórnendamiðað og meginmarkmið þess er að undirbúa nemendur fyrir stjórnendastörf í viðskiptalífínu og veita þeim jafnframt trausta, fræðilega þekkingu á sviði viðskiptalögfræði sem nýtist þeim í fjölbreytilegu starfsumhverfi. Unnt er að ljúka náminu á þremur önnum án ritgerðar, eða fjórum önnum með meistararitgerð. Hver nemandi getur tekið námið á þeim hraða sem viðkomandi hentar og námið er ekki síst hugsað fyrir þá sem vilja sækja sér framhaldsmenntun samhliða vinnu.

### *Diplómanám á meistarastigi í viðskiptalögfræði*

Boðið er upp á tvenns konar diplómagráður á meistarastigi í viðskiptalögfræði.

Diplómanám í samningatækni og sáttamiðlun er 30 ECTS nám sem miðar að því að kenna nemendum hagnýtar aðferðir í samningatækni og sáttamiðlun. Námið veitir stjórnendum verkfæri til að takast á við erfið samskipti og leysa úr deilumálum. Diplómanám í fyrirtækjalögfræði er sömuleiðis 30 ECTS viðbótarnám á meistarastigi sem miðar að því að þjálfar nemendur í hagnýtum og fræðilegum þáttum er lúta að lagalegum hliðum í viðskipta- og rekstrarumhverfi fyrirtækja.

## Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Árið 2020 var ár rannsóknarvirkni á meðal akademískra starfsmanna í félagsvísinda- og lagadeild. Afraksturinn birtist m.a. í greinum og bókarköflum og þátttöku fjölmargra í ráðstefnum, bæði heima og erlendis. Nokkrir af okkar akademísku starfsmönnum voru áberandi í umfjöllunum bæði innlendra og erlendra fjölmiðla, einkum á sviði stjórnmálafræði og hagfræði. Af helstu afrekum á sviði rannsókna má nefna eftirfarandi:

Við Rannsóknasetur í menningarstjórnun er unnið að rannsóknum á sviði menningarstjórnunar, menningarhagfræði, félagsfræði menningar og menningarfræða. Setrið var sett á fót árið 2007 af Háskólanum á Bifröst, Íslensku óperunni og Félagi íslenskra hljómlistarmanna. Tilgangur þess var að stuðla að margvíslegum rannsóknum á sviði menningarmála og á hlutverki menningar í samfélaginu. Umsjónarmenn setursins eru dr. Njörður Sigurjónsson prófessor og og dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir dósent og stunda þau bæði rannsóknir tengdar setrinu.

Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, stundar sín fræði á alþjóðavettvangi og er virkur þátttakandi í fjölmörgum alþjóðlegum rannsóknahópum. Hann hefur sent frá sér fjölda bóka og fræðigreina á sínu fagsviði sem jafnan vekja mikla athygli. Útgefandi hans er Palgrave Macmillan. Árið 2020 kom meðal annars út bók hans *Neo-Nationalism: The Rise of Nativist Populism*. Eiríkur er enn fremur reglulegur álitsgjafi fjölmiðla í umfjöllunum um málefni líðandi stundar varðandi stjórnmál og efnahagsmál, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi.

Dr. Njörður Sigurjónsson, prófessor í menningarstjórnun, birti greinina „The Fourth Industrial Revolution and Music Management“ í tímarinu *Arts Management*, sem gefið er út við Leiklistarakademíuna í Shanghæ, og greinina „Menningarstefna, þátttaka og innflytjendur“ Skírni - Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags. Njörður tók við stöðu deildarforseta félagsvísinda og lagadeildar í ágúst 2021.

Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, dósent í menningarstjórnun, hefur stundað rannsóknir á leiðtogahæfni norrænna kvenna í tengslum við verkefnið Nordic Female Leadership (í samvinnu við Einar Svansson), The English Female Chorister (í samvinnu við Graham Welch og Evangelos Himonides, Institute of Education, University College

London) og *The Identity of the Middle Voices* (í samvinnu við Pedro Santos Boia, Polytechnic University of Porto).

Fyrsta bók Dr. Magnúsar Árna Skjöld Magnússonar dósentis kom út á árinu, en útgefandinn var Háskólinn á Bifröst. Hún ber nafnið *Borgríkið: Reykjavík sem framtíð þjóðar* og fjallar hún, eins og nafnið gefur til kynna, um hlutverk og fyrirferð Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins í íslensku samfélagi. Að auki birtist greinin „A Comparative Study on Education for Democratic Citizenship (EDC) Competences in the Icelandic and Romanian Context“, sem rituð var með Alinu S. Resceany og Anh-Dao K. Tran í tímaritinu *Social Sciences and Education Research Review*. Magnús gegndi starfi deildarforseta félagsvísinda- og lagadeildar fyrri hluta ársins. Hann sinnti einnig störfum fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins við mat á umsóknum í þremur samstarfsverkefnum sambandsins.

Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor, stundar doktorsnám í lögfræði við Fordham-háskóla í New York. Doktorsverkefni hennar fjallar um lagaumhverfi vogunarsjóða sem fjárfesta í skráðum félögum.

Francesco Macheda er dósent í stjórnálagfræði. Rannsókná hugamál hans liggja á sviði hagvaxtar og þróunar, „structural change“ og tækniþróunar og alþjóðastjórnálagkerfis. Árið 2020 birti hann fimm vísindagreinar, þar af þrjár í fræðiritum sem skráð eru í *Web of Science* og tvær í tímaritum sem *Italian National Agency for the Evaluation of Universities and Research Institutes (ANVUR)* meta sem fræðirit (og eru einnig skráð í alþjóðlega gagnagrunninum DOAJ). Í byrjun september 2020 kynnti dr. Macheda niðurstöður rannsókna sinna á „structural change“ í Kína á alþjóðlegri ráðstefnu á vegum *Evolutionary Association of Political Economy* við University of the Basque Country. Dagana 15. til 30. september var doktor Macheda boðið að vera gestaprófessor við hag- og stjórnumardeild University of Florence (Ítalíu), þar sem hann hélt tvo opinbera fyrirlestra um efnahagsþróun Kína og hlutverk ríkisfyrirtækja í baráttu Kína gegn Covid-19. Seint á árinu 2020 hóf dr. Macheda nýtt rannsóknarverkefni sem bar yfirskriftina „The Role of the Public Sector in the Process of Development: Lessons from East Asia“ í samvinnu við fræðimenn frá Kína, Ítalíu, Rússlandi og Kanada.

Unnar Steinn Bjarnald, lektor og hæstaréttarlögmaður hóf á árinu doktorsnám á Bretlandseyjum. Doktorsverkefni hans er á sviði réttarfars, sáttamiðlunar og rafrænnar dómsýslu. Þá hlaut hann á árinu 2020 styrk úr rannsóknarsjóði Háskólans á Bifröst og vannur að undirbúningi á birtingu fræðigreinar í innlendu lögfræðitímariti.

Einar Karl Hallvarðsson, dósent og ríkislögmaður sinni kennslu við lagadeild og tók þátt í starfi og þróun deildarinnar. Á árinu 2020 var unnið að skýrslu um gæðaúttekt skólans. Þar var m.a. fjallað um umbóta- og þróunarstarfi félagsvísinda og lagadeildar, en skýrslan inniheldur m.a. aðgerðalista fyrir helstu umbótaverkefni komandi missera. Í gæðamatshópnum sátu f.h. deildarinnar dósentarnir Sigrún Lilja Einarsdóttir og Magnús Árni Skjöld deildarforseti.

## Viðskiptadeild

### Uppbygging og starfsfólk deildar.

Deildarforseti viðskiptadeildar var Jón Snorri Snorrason dósent, en ákveðið var að auglýsa eftir nýjum deildarforseta í árslok, sem taka mun til starfa skólaárið 2021-22. Fulltrúi kennara í deildarráði viðskiptadeildar var Brynjar Þór Þorsteinsson lektor og fulltrúi nemenda var Bryndís Inga Reynis. Stefnt hefur verið að því að fækka stundakennurum og fjölga fastráðnum við deildina og í því sambandi voru á árinu 2020 auglýstar tvær stöður akademískra starfsmanna og voru ráðnar í aðjúnktstörf þeir Haraldur Daði Ragnarsson og Ragnar Már Vilhjálmsson sem báðir hafa verið stundakennarar við deildina um áraraðir við góðan orðstýr. Nú eru því 12 fastir starfsmenn við deildina og þar af eru fjórar konur, sem allar hafa lokið doktorsprófi.

Fjölmarginir af föstum kennurum deildarinnar fengu framgang í starfi. Jón Freyr Jóhannsson fékk framgang úr aðjúnkt í lektor, Jón Snorri Snorrason, Einar Svansson og Arney Einarsdóttir fengu framgang úr lektor í dósentstöður og síðast en ekki síst fékk Sigrún Gunnarsdóttir framgang í prófessorsstöðu og er hún eini fasti kennarinn sem gegndi slíkri stöðu við deildina. Drög voru lögð að þremur nýjum lektorstöðum innan deildar, sem auglýstar verða á vormánuðum 2021 þar sem áhersla verður lögð á að fá inn þekkingu á sviði viðskiptagreindar og verkefnastjórnunar. Auk þess var unnið að endurskoðun námskeiða og námsbrauta í grunnnámi og leiddi Brynjar Þór Þorsteinsson lektor þá vinnu ásamt dósentunum Einari Svanssyni og Arneyju Einarsdóttur.

## Grunnnám

### *BS nám í viðskiptafræði*

Grunnnám í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst er alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í atvinnulífi og samfélagi. Námið samanstendur af almennum viðskiptafræðigreinum eins og fjármálum, reikningshaldi, stjórnun og markaðsfræði

*BS nám í viðskiptafræði með áherslu á:*

### *Markaðssamskipti*

Er nám sem var upphaflega samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst, Sambands íslenskra auglýsingastofa og ÍMARK. Síðan hefur námið verið þróað og t.a.m hefur stafræn markaðssetning fengið aukið vægi. Markmiðið er að bjóða upp á sérhæft viðskiptanám sem er sniðið að þörfum þeirra sem vilja auka við menntun, þekkingu og hæfni á sviði markaðsfræða.

### *Markaðssamskipti og samfélagsmiðlar*

Námið er sérstaklega sniðið fyrir þá sem starfa eða stefna að því að starfa að markaðsmálum. Þá er sérstaklega lögð áhersla á að nemendur öðlist reynslu og hæfni til þess að nýta þekkingu sína á hagnýtan hátt við stjórnun markaðssetningar á samfélagsmiðlum. Lögð er áhersla á möguleika samfélagsmiðla til markaðssamskipta og hvernig má ná forskoti á mörkuðum með nýtingu samfélagsmiðla við markaðsherferðir.

### *Þjónustufræði*

Með námi í þjónustufræði hefur Háskólinn á Bifröst skapað sér enn frekari sérstöðu hér á landi þar sem aðrir háskólar á Íslandi bjóða ekki upp á sérhæfða kennslu á sviði þjónustu.

### *Viðskiptagreind*

Við Háskólann á Bifröst gefst nemendum kostur á grunnnámi í viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind. Þannig er stuðlað að því að leiðtogar framtíðarinnar hafi skilning á þessum hugbúnaði og geti notfært sér þessa nýju tækni.

### *Verkefnastjórnun*

Hægt er að taka BS í viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun en í dag eru meiri kröfur en áður um fagmennsku við að stýra og leiða fjölbreytt verkefni. Sérstaða námsins felst í námskeiðum sem nýtast þeim sem vilja ná betri árangri við að leiða og stýra hinum ýmsu verkefnum.

### *Ferðabjónustu*

Námið er sérstaklega sniðið að þeim sem starfa eða stefna að því að starfa við ferðabjónustu. Margir kennarar eru sérfræðingar í ferðabjónustu og búa að mikilli reynslu, hver á sínu sviði. Ferðabjónustan er í miklum vexti og þarf á vel menntuðu fólki að halda til að taka vel á móti þeim fjölda gesta sem sækir Ísland heim og til að stuðla að nýsköpun í greininni.

### *Diplóma í viðskiptafræði og verslunarstjórnun*

Námið er starfstengt fagháskólanám fyrir verslunarstjóra og einstaklinga með víðtæka reynslu af verslunarstörfum. Styrkur námsins liggur bæði í virku samstarfi við atvinnulífið og í samstarfi tveggja háskóla um þróun þess og kennslu. Nemendur sem útskrifast með diplómu í viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun geta haldið áfram námi í viðskiptafræði til BS gráðu kjósi þeir það.

## **Meistaránám**

### *MS /MLM í forystu og stjórnun*

Meistaránám í forystu og stjórnun er fjölmennasta námsbrautin við Háskólann á Bifröst. Við undirbúning og hönnun námsins var framkvæmd þarfagreining á því sem námið þyrfti að innihalda til að það yrði sem gagnlegast og þannig tengd saman fræði og praktík. Meistaránám í forystu og stjórnun er fjölbreytt og krefjandi nám sem ætlað er að búa nemendur undir forystu- og stjórnunarstörf.

### *MS /MLM í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun*

Mikil eftirspurn er á vinnumarkaði eftir þekkingu á sviði mannauðsmála og stjórnun mannauðs án efa einn mikilvægasti og umfangsmesti þátturinn í stjórnun. Stjórnendur í fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum þurfa því að hafa góða innsýn og þekkingu á sviði mannauðsstjórnunar. Auk þess er vaxandi eftirspurn eftir sérfræðingum og mannauðsstjórum í mannauðsdeildum fyrirtækja og stofnana, sem og hjá samtökum á vinnumarkaði.

### *MS /MLM í forystu og stjórnun með áherslu á verkefnastjórnun*

Í atvinnulífi og samfélagi eru sífellt gerðar meiri kröfur um fagmennsku við að stýra og leiða fjölbreytt verkefni. Verkefnastjórnun vegur þannig æ meira í faglegri forystu. Enn fremur hafa margir nemendur í forystu og stjórnun sem og aðrir nemendur sýnt aukinn áhuga á verkefnastjórnun.

### *MS /MLM í forystu og stjórnun með áherslu á þjónandi forystu*

Í námslínunni, MS/MLM forysta og stjórnun, með áherslu á þjónandi forystu, er fjallað um hugmyndafræði og hagnýtingu þjónandi forystu á grunni fræðanna og með skírskotun til reynslu og raunverulegra dæma. Nemendur fá tækifæri til að fá góða innsýn í þjónustuvídd og forystuvídd hugmyndafræðinnar miðað við rannsóknir og reynslu fyrirtækja, stofnana og félaga. Áhersla er á að nemendur þjálfu með sér gagnrýnið sjónarhorn, rýni í þjónandi forystu miðað við aðstæður sem þeir þekkja af eigin raun og hafi góðan skilning á árangursríkri innleiðingu þjónandi forystu.

### *Alþjóðaviðskipti*

Meistaránámi í alþjóðaviðskiptum er ætlað að veita þjálfun til sérhæfðra starfa hjá fyrirtækjum hér á landi og erlendis. Nemendur fá tækifæri til að rannsaka og skoða helstu atriði sem snúa að alþjóðaviðskiptum t.a.m. alþjóðasamskipti, alþjóðlega markaðsfræði og alþjóðafjármál. Horft er til sóknar íslenskra fyrirtækja á núverandi og nýjum mörkuðum í Evrópu og annars staðar í veröldinni. Sérstaklega er horft til stefnumótunar og markaðssetningar nýrra viðskiptahugmynda á erlendum mörkuðum.

### *MS-MMM í markaðsfræðum*

Meistaránám í markaðsfræðum hefur verið í boði frá hausti 2017 og er ætlað þeim sem starfa eða hafa hug á að starfa við markaðsmál og hafa þegar reynslu af markaðs- og sölumálum en vilja dýpka þekkingu sína á fjölbreyttri flóru markaðsfræðinnar.





## Rannsóknir

Á árinu 2020 jókst rannsóknarvirkni meðal akademískra starfsmanna í viðskiptadeild enda fleiri og fleiri af föstum kennurum að fá meira ráðrúm til rannsókna í starfsáætlunum. Afraksturinn birtist m.a. í greinum, bókarköflum og m.a. mikilli þátttöku kennara í ráðstefnunni Þjóðarspeglinum, sem var nánast eina innlenda ráðstefnan sem hægt var að sækja sökum Covid-19. Einar Svansson dósent hefur undanfarið ár lagt áherslu á rannsóknir á íslenskum kvenleiðtogum sem tengist rannsóknarramma Bifrastar um Norræna leiðtogalíkanið. Brynjar Þór Þorsteinsson átti þátt í bókarkafli sem gefin var út í apríl 2020 og fjallaði um rannsóknir á sviði mannauðsmála í ferðaþjónustu á norðurlöndum. Á árinu 2020 birtist einn ritrýndur bókarkafli eftir Arneyju Einarsdóttur í bókinni Rannsóknir í viðskiptafræði I og einnig hélt Arney erindið Mannauðsstjórnun á Íslandi, í norrænu og alþjóðlegu samhengi á málstofu á Þjóðarspeglinum. Fjölmarginir kennarar deildarinnar voru með erindi á Þjóðarspegli XXI. Í tímaritinu um Viðskipti og efnahagsmál birtust tvær greinar þar sem annars vegar Sigrún Gunnarsdóttir var meðhöfundur og hins vegar grein þar sem Jón Snorri Snorrason var meðhöfundur. Í tengslum við þessi samstarfsverkefni fluttu Haraldur Daði og Ragnár Már erindi „Teaching online“ webinar um fjarkennslu og voru á kennsluráðstefnu HA „Hvað er góð háskólakennsla“.

## Alþjóðlegt samstarf

Áfram var unnið að erlendum samstarfsverkefnum, sem eru styrkt af Erasmus áætluninni og unnin í samstarfi fjölmargra háskóla víða um Evrópu m.a. verkefni sem ber heitið „Design Thinking Approach for an Interdisciplinary University“ og verkefni sem ber heitið „Duck“ (Data Understanding and Communication Knowledge and Skills for Trainers and Teachers in VET and HE). Verkefnin hafa staðið í nokkur ár og eru leidd af Kára Joensen lektor, en aðrir sem komu að þeim voru Jón Snorri Snorrason og Jón Freyr Jóhannsson af hálfu Háskólans á Bifröst. Jón Freyr hélt erindi á INTED 2020 ráðstefnunni í Valencia á Spáni um kennslu í stærðfræði. Brynjar og Haraldur Daði Ragnarsson voru leiðbeindendur í alþjóðlegu verkefni nemenda í Háskólanum í Den Haag eins og þeir hafa gert undanfarin ár. Arney Einarsdóttir er þátttakandi í þremur alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Arney situr í ráðgjafarhópi Cranet samstarfsins og stýrir verkefninu fyrir Íslands hönd og er einnig þátttakandi í norrænum verkefnahópi að styrkumsókn í styrktarsjóð félagsvísinda á vegum sænska seðlabankans. Þá er hún þátttakandi í öðru Norrænu samstarfsverkefni, Framtíð vinnu (The Future of Work), sem er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

Á árinu 2020 var unnið að skýrslu um gæðaúttekt skólans. Þar var m.a. fjallað um umbóta- og þróunarstarfi viðskiptadeildar, en skýrslan inniheldur m.a. aðgerðalista fyrir helstu umbótaverkefni komandi missera. Í gæðarmatshópnum sátu f.h. deildarinnar Einar Svansson og Jón Snorri Snorrason settur deildarforseti.

## Háskólagátt

Nám í háskólagátt er samkvæmt reglugerð nr. 1266/2013 um aðfaranám að háskólanámi og lögum um háskóla nr. 63/2006. Námskeiðin eru í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 og lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og útskrifast nemendur nú með þekkingu, leikni og hæfni sem samræmist þriðja hæfniprepi samkvæmt ISQF (Icelandic Quality Framework). Til að eiga kost á að hefja nám í háskólagátt þurfa nemendur að hafa lokið 140 f-einingum samkvæmt nógildandi einingarkerfi, sem jafngildir um það bil 85 einingum samkvæmt gamla einingakerfinu. Innan þessara 140 eininga verða umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti einum áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku. Ef umsækjandi uppfyllir ekki inntökuskilyrði en býr yfir töluverðri starfsreynslu gefst honum kostur á að leggja fram niðurstöður raunfærnimats sem metur jafngilda reynslu og menntun. Starfsreynsla er þó aldrei metin til fulls á við einingar. Nám í háskólagátt er nú 66 f-einingar (framhaldsskóla einingar) en nemendum stendur einnig til boða að bæta við sig 15 f-einingum í kjarnagreinunum, þ.e. íslensku, ensku og stærðfræði og útskrifast þá með allt að 81 f-einingu. Viðbótarnámið er hugsað fyrir nemendur sem vilja undirbúa sig sérstaklega fyrir háskólanám og þá sem þurfa að bæta við sig námsgreinum til að uppfylla sértæk inntökuskilyrði annarra háskóla. Nám í háskólagátt tekur tvær til fjórar annir og er lánshæft til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Nemendum gefst kostur á viðbótarnámi á sumarönn en nám á sumarönn er ekki lánshæft hjá LÍN. Á haustönn hófst undirbúningur að kennslu í háskólagátt á ensku en kennslan hófst í janúar 2021. Námið er spegilmynd námsins sem fer fram á íslensku, sambærilegt að öðru leyti en því að kennt verður á ensku. Í stað hefðbundinna íslenskuáfanga taka nemendur áfanga í íslensku sem öðru máli og í stað dönskuáfanga geta nemendur valið um að bæta við sig áfanga í ensku- og/eða áfanga í íslensku sem öðru máli. Aðgangskröfur í háskólagátt á ensku eru þær sömu og eiga við um háskólagátt á íslensku.

## Símenntun

Starfsemi símenntunar hefur dregist saman undanfarin ár. Vegna ástandsins í samfélaginu með tilheyrandi smithættu var Mætti kvenna frestað fram til vors 2021. Í ágúst var boðið upp á þriggja vikna upprifjunarnámskeið í stærðfræði og annað námskeið í heimildanotkun fyrir nýnema. Þátttakan var góð en 55 nemar voru skráðir til leiks. Símenntun Háskólans á Bifröst bauð fólki á haustmánuðum að hefja háskólanám á miðri önn. Nemendur gátu skráðu sig í stök námskeið í gegnum símenntunina, valin námskeið sem kennd voru í grunn- og meistaranámi skólans. Nemendur gátu í framhaldinu sótt um formlega skólavist við Háskólann á Bifröst. Um 40 nemendur nýttu sér þetta tilboð og flestir þeirra héldu áfram námi við skólann.

## Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst sinnir rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrir atvinnulíf og samfélag, auk þess að vera akademískum starfsmönnum skólans ráðgefandi við umsóknir um styrki og rannsóknarsamstarf. Rannsóknamiðstöðin sinnir einnig verkefnum fyrir innra starf skólans, t.d. fyrir framkvæmdastjórn og vegna gæðastarfs Háskólans á Bifröst. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvar er Kári Joensen. Á vettvangi rannsóknamiðstöðvar tekur Háskólinn á Bifröst einnig þátt í starfi Félags íslenskra rannsóknastjóra ásamt fulltrúum héraðs háskóla og rannsóknastofnana. Vinna við samstarfsverkefni hélt áfram og var Háskólinn á Bifröst þátttakandi í fimm Erasmus+ samstarfsverkefnum á árinu, auk annarra verkefna sem fengu fjárstuðning úr sjóðum Evrópusambandsins, Uppbyggingasjóði EES o.fl. Af Erasmus+ samstarfsverkefnum má nefna verkefnið DT.Uni sem unnið er í samstafi við háskóla frá 7 ólíkum Evrópulöndum. Verkefnið miðar að því að nýta aðferðir hönnunarhugsunar (e. Design thinking) í háskólastarfi, við kennslu, rannsóknir og stjórnsýslu. Próaðar hafa verið [handbækur](#) og [vefur með hagnýtum raundæmum](#). Starfsfólk Háskólans á Bifröst hefur fengið þjálfun, með þátttöku í vinnustofum ásamt samstarfslögum víðsvegar að úr Evrópu. Samstarfshópurinn hélt vikulangt námskeið fyrir fjölbreyttan hóp Evrópskra nemenda, þar sem aðferðum hönnunarhugsunar var beitt við nýsköpun og hagnýt verkefni. Vegna ferða- og samkomutakmarkana fór sá viðburður að öllu leyti fram á veffundum, og tókst vel til. Nemendur kynntu lokaverkefni sín sem voru fjölbreytt og má þar nefna nýjungar í atvinnuleit að loknu háskólanámi, bættar sóttvarnaraðgerðir, sjálfbæra neyslu og fleira. Verkefnið Learning2gether hélt einnig áfram á árinu 2020. Markmið verkefnisins er að brúa þekkingarlegt kynslóðabil og efla ungt fólk sem stendur höllum fæti á vinnumarkaði, með því að virkja það til samstarfs við reyndara fólk úr atvinnulífinu. Í samstarfi við

menntastofnanir frá Belgíu, Búlgaríu, Englandi og Spáni voru þróaðar tvær námskrár og kennsluvefur sem tekinn var í gagnið á haustmánuðum. Verkefnið styður starf Háskólans á Bifröst á sviði símenntunar, hefur eflt samstarf við frumkvöðla og fyrirtæki á Vesturlandi og mun vonandi styðja ungt fólk áfram inn á braut náms og nýrra tækifæra. Þátttaka í samstarfsverkefnum eins og Erasmus+ hefur með beinum hætti stuðlað að framþróun og nýjungum í námsframboði við skólann. Í grunnnámi hafa orðið til tvö námskeið á sviði nýsköpunar og rekstarar, annars vegar námskeiðið Design thinking, sem sprettur upp úr áður nefndu verkefni DT.Uni, og hins vegar námskeiðið Konur fara í rekstur, sem þróað var innan Erasmus+ samstarfsverkefnisins iFemPower. Það síðarnefnda byggir að hluta til á kennsluskrá Máttar kvenna af símenntunarstigi, en hefur verið fært upp á háskólastig og áhersla er þar lögð á stjórnun og gerð viðskiptaáætlunar en sérstakri athygli er svo beint að stöðu kvenna í nýsköpunarumhverfi atvinnulífsins. Vinna við gæðamál og stuðningur við innra starfs skólans hélt áfram á árinu. Stór hluti þess starfs hefur síðustu misseri tengst mati Gæðaráðs íslenskra háskóla á námi og kennslu, en ytra mat fór fram á haustmánuðum 2020. Rannsóknamiðstöð vann að söfnun og greiningu gagna um gæði náms og kennslu við skólann. Slíkar kannanir gefa innsýn í þróun og gang skólstarfsins og eru mikilvægur liður í gæðastarfi. Rannsóknamiðstöð gerði einnig kannanir meðal nemenda fyrir framkvæmdastjórn þar sem könnuð var staða nemenda og líðan í námi á tímum Covid-19 faraldursins. Óhætt er að segja að þó að stór hluti náms við skólann hafi þegar verið í formi fjarnáms, þá hafi heimsfaraldurinn snert nær allar hliðar náms. Hafa niðurstöður þessara kannana gagnast framkvæmdastjórn, kennsluviði og námsráðgjöf við að skipuleggja viðbrögð við þessum óvæntu aðstæðum. Gróska er mikil á sviði stafrænnar kennslu- og námstækni, ekki síst eftir að háskólar um allan heim hafa óvænt þurft að tileinka sér þær með skjótum hætti. Í mars stóð Rannsóknamiðstöð fyrir rafrænni hádegismálstofu um kennsluhætti á netinu þar sem tveir akademískir starfsmenn viðskiptadeildar, þeir Jón Freyr Jóhannssons og Ragnar Már Vilhjálmsson héldu erindi. Málstofan var vel sótt en tæplega eitt hundrað háskólakennarar víðsvegar að úr Evrópu hlýddu á erindin og tóku þátt í umræðum. Samstarfsnet Háskólans á Bifröst heldur áfram að þróast og ný tengsl vegna rannsókna myndast við háskóla víða um Evrópu. Áfram hefur verið sótt um ný samstarfsverkefni á háskólastigi og á sviði starfsmenntunar frá Erasmus+, Horizon 2020 og fleiri samkeppnissjóðum. Fjármögnun nýrra verkefna gekk vel á haustmánuðum og skilar sér í fjölbreyttum verkefnum til næstu tveggja ára. Þau eru mörg hver á sviði fjarkennslu og upplýsingatækni þar sem Háskólinn á Bifröst hefur margt fram að færa en einnig ótal margt að læra og þróa með öðrum háskólum.

## Próunar- og alþjóðasvið

Próunar- og alþjóðasvið fjallar um þrjá megin málaflokka; Rannsóknamiðstöðina og starfsemi hennar, alþjóðastarfsemi og þróun náms fyrir erlenda nemendur (í samstarfi við deildir). Um Rannsóknamiðstöðina er fjallað sérstaklega í þessari skýrslu. Alþjóðastarfsemin var að með nokkuð öðru sniði á árinu 2020 miðað við undanfarin ár þar sem heimsfaraldur geisaði og setti strik í reikninginn. Nokkar mannabreytingar urðu á árinu en Karl Eiríksson lét af stöfum sem alþjóðafulltrúi í mars og var Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir ráðin alþjóðafulltrúi í ágústbyrjun. Lara Becker lét af stöfum í september og Guðrún Olga Árnadóttir færðist yfir á kennslusvið.

### Helstu viðfangsefni voru:

Móttaka erlendra skiptinema. Á vorönn og haustönn 2020 komu 39 skiptinemar frá erlendum samstarfsháskólum til Háskólans á Bifröst. Ekki var hægt að bjóða upp á staðnám eftir að samkomutakmarkanir voru hertar á vorönn. Flestir skiptinemanna fóru því fyrr heim en áætlað var og tóku lokaprófin í sínu heimalandi. Erlendir skiptinemar búa á Bifröst og setja mikinn svip á samfélagið enda eru þeir orðnir stærri hluti þess eftir að nemendum búsettum á Bifröst hefur fækkað. Það var því mikill söknuður þegar þeir þurftu að fara fyrr heim. Á haustönn kom flottur hópur sem lét faraldurinn ekki stöðva sig, en tveir þeirra stunduðu þó alfarið fjarnám í sínu heimalandi. Í fyrstu var námið eingöngu í fjarnámi en þegar líða fór á haustönnina var hægt að bjóða upp á staðnám fyrir skiptinemana.

Umsjón sem skiptinámi nemenda Háskólans á Bifröst erlendis. Á árinu 2020 voru tveir nemendur skólans erlendis. Heimsfaraldurinn spilaði hér inni en eftirspurn nemenda Háskólans á Bifröst eftir skiptinámi erlendis hefur minnkað verulega eftir að fjarnámið varð ráðandi meðal nemenda skólans. Rætt hefur verið um hvernig auka megi kynningarstarf meðal nemenda til þess að hvetja þá til að nýta sér þann möguleika að stunda hluta námsins við erlendan háskóla og er verið að skoða hvort hægt geti verið að bjóða upp á styttri námsferðir fyrir litla hópa sem gæti hentað mörgum nemendum betur en skiptinámi/starfsþjálfun.

Umsjón með námi erlendra greiðandi nemenda. Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að laða erlenda greiðandi nemendur að Háskólanum á Bifröst. Áhersla á þennan þátt var aukin í framhaldi af stefnumótunarfundi í haustið 2017 þar sem línar var lögð um aukna áherslu á alþjóðavæðingu skólans. Á

vorönn 2020 var 21 erlendur greiðandi nemandi skráður í nám við skólann en enginn á haustönn. Þessir nemendur hafa einkum komið frá Bangladess. Erfiðleikar hafa verið í samskiptum við Útlendingastofnun vegna þessara nemenda og þeir hafa ekki átt greiða leið að því að fá landvistarleyfi og vegabréfsáritun þótt samskiptin hafa reyndar slípast nokkuð. Hins vegar hefur komið í ljós að þessum nemendum hefur ekki gengið vel í náminu á Bifröst og þeir hafa ýmist horfið frá námi eða fengið lágar einkunnir þótt vissulega séu til góðar undantekningar á því. Ákveðið var að gera sérstaka úttekt á málefnum erlendra greiðandi nemenda eftir lotu 1 á vorönn 2020 og í framhaldi af því var ákveðið að halda ekki áfram með þetta verkefni í því formi sem það var.

Umsjón með alþjóðlegum sumarskóla Háskólans á Bifröst. Sérstakt sumarnámskeið hefur verið haldið á Bifröst síðan 2016. Þetta þriggja vikna námskeið heitir „Sustainable Leadership“ og er fyrir erlenda nemendur. Það hefur verið kennt í júlí og ágúst. Erlendir gistikennarar hafa að mestu sinnt kennslu í námskeiðinu en þeir koma á styrkjum frá Erasmus+ eða Fulbright. Einar Svansson hefur haft faglega umsjón með námskeiðinu. Námskeiðinu sem halda átti sumarið 2020 var frestað þar til nemendur og kennarar geta ferðast á ný án takmarkanna.

Umsjón með sumarnámskeiði FOM. Þessi þýski háskóli býður nemendum sínum upp á að taka sumarnámskeið í háskólum í ýmsum löndum og er Háskólinn á Bifröst einn samstarfsskólanna. Samstarfið við Háskólann á Bifröst hefur snúist um innihald námskeiðsins. Námskeiðinu sem halda átti 2020 var frestað þar til nemendur og kennarar geta ferðast á ný án takmarkanna.

Utanhald um erlent tengslanet Háskólans á Bifröst, samstarf við Erasmus og Fulbright. Háskólinn á Bifröst er með samstarfssamninga við 86 erlenda háskóla, þar af eru 64 Erasmus-tengdir skólar. Auk nemendaskipta fara fram starfsmannaskipti og á árinu 2020 fóru tveir starfsmenn utan en eins og áður hefur komið fram þá hafði heimsfaraldurinn þau áhrif að starfsmenn sáu sér ekki fært að ferðast og því tók Háskólinn á Bifröst ekki á móti neinum erlendum starfsmönnum árið 2020.



## Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2020 var einn náms- og starfsráðgjafi í 100% starfshlutfalli. Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir starfaði til 31. ágúst en Elfa Huld Haraldsdóttir hóf störf 1. september.

### Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa

Náms- og starfsráðgjafi starfar í þágu nemenda og gætir hagsmuna þeirra, þjónustan er einstaklingsbundin og fer fram í trúnaði. Markmið ráðgjafarinnar er að stuðla að vellíðan nemenda, efla færni þeirra og sjálfsþekkingu til að ná sem bestum árangri í námi og aðstoða þá við að finna áhuga sínum og hæfileikum farveg. Náms- og starfsráðgjafi aðstoðar nemendur að finna leiðir þegar upp koma áskoranir sem geta haft áhrif á námsframvindu og vellíðan þeirra í námi. Hann veitir nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval, leiðbeinir um skipulögð vinnubrögð í námi, hefur umsjón með sérúrræðum og spornar gegn brotthvarfi með markvissum aðgerðum. Til að tryggja faglega ráðgjöf er mikilvægt að náms- og starfsráðgjafi hafi tilskilda menntun sem menntamálaráðuneytið fer fram á til að veita löggildingu.

### Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2020 litaðist af kórónuveirufaraldrinum og fór ráðgjöf og upplýsingagjöf að mestu fram í tölvupósti, síma eða Teams. Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í kynningum, kom inn í minni hópa og nýtti póst og Uglu til að koma upplýsingum á framfæri. Árið 2020 bárust 724 erindi samkvæmt skráningu í Uglu þar af voru 195 á vorönn en 529 á haustönn.

### Líðan og staða nemenda við Háskólann á Bifröst vegna Covid-19

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst kannaði líðan og stöðu nemenda vegna Covid-19. Í apríl var könnun lögð fyrir 507 nemendur og var svarhlutfall 34%. Í nóvember var önnur könnun lögð fyrir 855 nemendur og var svarhlutfall svipað eða 35%. Aðstæður mældust almennt meira íþyngjandi fyrir nemendur í fyrstu bylgju heimsfaraldurs í apríl en í nóvember. Í apríl taldi rúmlega helmingur aðspurðra að Covid-19 hefði bein áhrif á möguleika þeirra til að sinna náminu en ríflega en þriðjungur í nóvember. Meirihluti nemenda var sáttur við viðbrögð skólans á vor- og haustönn og naut framkvæmd vinnuhelga almenns stuðnings. Samkvæmt niðurstöðum seinni könnunarinnar taldi ríflega fjórðungur aðspurðra líðan sína ekki vera góða í ljósi aðstæðna í samfélaginu og hertra sóttvarnaraðgerða. Nemendur í grunnnámi og háskólagátt fundu meira fyrir hamlandi

áhrifum ástandins en nemendur í meistarnámi. Tæplega fjórðungur taldi að námsframvinda á haustönn yrði ekki í samræmi við markmið. Fimmtungur aðspurðra nýtti þjónustu náms- og starfsráðgjafa á árinu og var meirihluti þeirra ánægður með þjónustuna.

## Bóka- og skjalasafn

Þórný Hlynsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur veitir bókasafni skólans forstöðu og er skjalastjóri. Öll hefðbundin bókasafnsþjónusta var veitt í bókasafni skólans, útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta og upplýsingakennsla.

## Uppbygging safnkosts, notkun og önnur verkefni bókasafnsins

### *Prentað efni*

Áfram var haldið að byggja upp safnkostinn en síaukin áhersla er á að kaupa rafbækur sé það mögulegt. Töluvert er enn til af óskráðu efni frá Samvinnuskólanum um samvinnumál og er reynt að skrá það eftir því sem tækifæri gefast.

Í árslok 2020 var heildarfjöldi titla í bókasafnskerfinu Gegni 19.228


### Rafbækur

- Rafbókaveita frá ProQuest var tekin í notkun árið 2017, EbookCentral.
- Keyptar hafa verið 80 bækur og eru þær skráðar jafnt og þétt í bókasafnskerfið til þess að þær séu aðgengilegar í gegnum Leitir.is.
- Rafbækurnar eru aðgengilegar öllum á staðarneti skólans, en notendur geta einnig óskað eftir aðgangi með notendanafni og lykilorði. Tengill er beint í safnið af heimasíðu bókasafnsins, [www.bifrost.is/thjonusta/bokasafn](http://www.bifrost.is/thjonusta/bokasafn) en það er einnig leitarbært á leitir.is

## Notkunartölur og þjónusta

- Notkun á rafbókum fer hratt vaxandi, notkun á árinu 2019 voru 6.790 lesendur en árið 2020 voru þær 11.161. Sjá mynd 1.
- Vinsælasta bókin 2020 var *Servant Leadership* annað árið í röð.
- Heildarútlán prentaðs efnis voru 349 eintök, árið 2019 voru útlánin 565.
- 27 bækur voru sendar heim til nemenda með pósti
- Til annarra safna voru sendar að láni 12 bækur og ein grein.
- Í millisafnaláni voru útveguð fimm rit að láni og pantaðar tíu greinar/bókakaflar, alls fimmtán gögn.





Mynd 1

### Stafræn gagnasöfn og áskriftir

Háskólinn á Bifröst er aðili að samlagi um kaup á **Landsaðgangi** í samstarfi við önnur bókasöfn auk mennta- og menningarmálaráðuneytis. En þar er aðgangur að stærstu og bestu gagnasöfnum sem í boði eru, svo sem *EBSCOhost*, *Karger*, *Britannica*, *ProQuest*, *SAGE*, *ScienceDirect*, *Scopus*, *SpringerLink*, *Wiley Online* og *Web of Science*. Öll utan *EBSCOhost* eru leitarbær í leitargátt bókasafna, *Leitir.is* og á vef *Landsaðgangs Hvar.is*. Samningur um aðgang að *EBSCOhost* var ekki endurnýjaður 2020 og féll hann því út í janúar 2021.

Til viðbótar veitir skólinn aðgang að eftirtöldum vefmiðlum og gagnasöfnum:

- Snara, veforðasafn
- FonsJuris
- Gagnasafn Morgunblaðsins
- DV
- Viðskiptablaðið
- Lögbirtingarblaðið
- Stundin

## Skemman

Skemman er stafrænt varðveislusafn lokaritgerða sem rekin er í samstarfi íslenskra háskóla, frá Háskólanum á Bifröst er fjöldi lokaritgerða orðinn 1.341 af þeim rúmlega 36.000 lokaritgerðum sem þar eru varðveittar.

## Opin vísindi

Gagnasafnið [www.opinvisindi.is](http://www.opinvisindi.is) er annað stafrænt varðveislusafn sem háskólar landsins reka í sameiningu, þar er unnið að því að varðveita og gera aðgengilegar allar rannsóknir íslenskra vísindamanna sem styrktar eru af almannafé í samræmi við stefnu skólanna um opinn aðgang.

## Pure kerfi fyrir rannsóknir frá Elsevier

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, háskólarnir og rannsóknarstofnanir eru í samstarfi um að innleiða kerfi sem heldur utan um rannsóknir vísindamanna. Kerfið tengir þær við styrki, samstarfsaðila og vísindaafurðir (greinar, bókakaflar). Innleiðing á kerfinu hófst 2019, hún stóð yfir allt árið 2020 og stendur enn. Kosið var um nafn á kerfinu síðla árs, niðurstaðan var **IRIS**, eða Íris sem stendur fyrir „Icelandic Research Information System“. Gert er ráð fyrir að kerfið verði komið í fulla virkni síðla árs 2021 en Covid-19 faraldurinn hefur tafið innleiðingaráætlun verkefnastjórnar nokkuð.

## Heimasíða bókasafnsins

Á heimasíðunni, <https://www.bifrost.is/thjonusta/bokasafn> er reynt að miðla upplýsingum um þjónustu við nemendur og aðra rannsakendur. Leiðsinnt er við leit í gagnasöfnum, heimildaöflun og frágang heimilda og upplýsingar veittar um aðgengi að séráskriftum. Heimasíðan er uppfærð árlega og henni tilheyra sjö undirsíður, Þjónusta, Heimildaleit, Tímarit, Rafbækur, Réttarheimildir, Heimildaskráning og Alfræðirit og orðabækur.

## Samfélagsmiðlar

Bókasafnið er með síðu á Facebook þar sem upplýsingum um þjónustu, opnunartíma, heimildaleit, heimildaskráningu og fleira er miðlað til fylgjenda sem eru þó of fáir enn sem komið er. Slóðin er: [www.facebook.com/bokasafnHB](https://www.facebook.com/bokasafnHB)

## Samstarf við bókasöfn á Íslandi

- Stjórnendur háskólabókasafna á Íslandi (PH)
- Verkefnastjórn Skemmannar (PH)
- Verkefnastjórn um opin vísindi (PH)
- Verkefnashópur um innleiðingu IRIS á Bifröst (PH og Kári Joensen)
- Samráðshópur háskólabókasafna um rafbókakaup (PH)
- Samráðshópur háskólabókasafna um opinn aðgang (PH)
- Upplýsingalæsis hópur háskólanna (PH)
- Alefli, stjórn notendafélags bókasafnskerfisins Gagnis (PH)

Flestir verkefnahóparnir hittast einu sinni til tvisvar á ári, nema sérstök verkefni séu í gangi og fara yfir stöðu sameiginlegra verkefna og ákveða framhaldið. Allir fóru fundirnir fram á Teams eða Zoom vegna samkomutakmarkana í samfélaginu sem kom sér vel fyrir þá sem starfa á landsbyggðinni.


## Skjalastjórnun

### Skjalakerfið OneCRM

Málalykill Háskólans á Bifröst sem er samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands árið 2016 til fimm ára, 1. maí 2016 – 31.12.2020, er mikilvægur hlekkur í starfsemi skólans þar sem haldið er utan um gögn og skjöl sem viðkoma stjórnarsýslustarfsemi hans. Allt starfsfólk fær leiðsögn til að byrja skjalavistun og skráningu skjala í One kerfið, en sífellt er þörf á eftirfylgni til að starfsmenn þjálfist í skjalavistun í daglegum störfum og læri á samspil One, Microsoft skrifstofupakka og tölvupóstsamskipta.

Á árinu 2020 bættust 1160 mál í kerfið (388 árið 2019). Frá upphafi (2013 – 2020) hafa 2.619 mál verið skráð í One kerfið og 67.280 skjöl og tölvupóstar, sbr. Mynd 2.





Mynd 2

Umfang gagna í One kerfinu vex jafnt og þétt. Skjalastjóri reynir að loka málum sem virðist vera lokið eða afgreidd og flokka skjöl til að greiða fyrir en réttast er að ábyrgðaraðilar mála gangi frá sínum málum sjálfir og gangi úr skugga um að öll málgögn, tölvupóstar og skjöl séu til staðar í því áður en máli er lokað.

Árið 2021 lýkur í fyrsta sinn gildistíma samþykks málalykils, en þeir eru samþykktir til fimm ára í senn. Það þýðir að undirbúa þarf gögnin til vörpunar í varðveisluútgáfu, þannig að breytanlegum gögnum (word skjölum t.d.) verður breytt í óbreytanlega útgáfu (tiff t.d.) og búin verður til vörsluútgáfa. Þeirri vörsluútgáfu er síðan skilað með gagnakeyrsu til Þjóðskjalasafns. Endurskoða þarf málalykil til að hann endurspegli starfsemi og skjalavistun stjórnáslusviðs frá árinu 2021 og senda inn til samþykktar að nýju.

## Kennslu- og nemendaskrárkerfi

Árið 2020 var ár innleiðingar á þeim kerfum tekin voru í notkun árið 2019 en það voru Ugly, Canvas og Inspira. Mikil vinna var við að koma kerfunum gagníð og í lok árs 2020 var ákveðið að auglýsa sérstaklega eftir sérfræðingi í tölvuvinnslu með áherslu á kennslukerfi til starfa til að fara markvisst í yfirferð á gögnum innleiðingu þess. Nemendaskrárkerfið Ugly, sem er í notkun í öllum opinberu háskólum landsins er nú hluti af kerfum Háskólans á Bifröst. Canvas er kennslukerfi skólans en þar fara öll samskipti kennara og nemenda fram vegna kennslu í áföngum. Canvas hefur reynst mjög vel og býður upp á mikla möguleika í kennslu, uppsetningu á verkefnum og einkunnagjöf. Mikil þróun er á kerfinu sem kemur sér vel og mikilvægt að skólinn fylgi þeirri þróun fast eftir inn í kennsluumhverfið. Inspira er prófakafi skólans en það kerfi talar einnig við Ugly og hefur

innleiðing þess gengið vel þetta skólaárið. Þar eru einnig miklir möguleikar til að einfalda kennurum utanumhald og uppsetningu á prófum. Þar er einnig mikil þróun og hefur kennsluvið miðlað þeirri þróun og breytingum sem orðið hafa til kennara bæði í formi námskeiða og með einstaklingsbundinni kennslu. Síðast en ekki síst má nefna Microsoft Teams sem hefur reynst vel, sér í lagi á tímum heimsfaraldurs, þar sem aukin kennsla hefur farið fram á netinu. Vinnuhelgar sem fella þurfti niður fóru alfarið inn á Teams auk þess sem bætt var við umræðutímum í byrjun og lok hverrar lotu í hverjum áfanga sem einnig fóru fram á Teams. Þar fara einnig allir fundir nemenda og kennara fram, sem og munnleg próf sem flest voru færð þangað vegna heimsfarldursins. Allar kerfiseiningar eru áfram vistaðar og afritaðar á sýndarnetþjónum háskólans.

Samspil kerfanna hefur gengið vonum framar en á árinu 2021 standa vonir til að klárað verði að innleiða kerfin. Öll þessi kerfi hafa styrkt stöðu skólans sem leiðandi skóla í fjarnámi, bæði hérlendis og erlendis. Mikil tækifæri eru þó til staðar með tilkomu kerfanna, og eftir því sem að meiri reynsla kemst á kerfin, verður hægt að bæta námsupplifun nemenda enn frekar.

Við miðlun á margmiðlunarkennsluefni notar skólinn Echo360 hugbúnað og Studio sem er margmiðlunarkefi Canvas. Kennarar hafa fjölbreyttar leiðir til þess að taka upp efni, eftir því sem þeim finnst þægilegast, hægt er að nota Camtasia, sem er fullkomið upptöku og myndvinnsluforrit, og síðan eru upptökakerfi innbyggð bæði í Studio og Echo360 kerfin. Gert hefur verið átak í að útvega kennurum fullkomnari búnað til þess að taka upp hljóð í betri gæðum og hefur það skilað aukinni ánægju nemenda.

Háskólinn á Bifröst, notar eins og aðrir háskólar landsins, Turnitin hugbúnað til að aðstoða nemendur við meðferð heimilda og við skrif lokaverkefna. Kerfið tekur við öllum lokaverkefnum og fjölda verkefna, ber saman við fyrri skil nemenda og gefur skýrslu um heimildanotkun.

## Tölvuþjónusta

### Hugbúnaður

Eins og fyrri ár kemur hugbúnaður skólans að mestu frá Microsoft, þ.e. Officepakkinn og bókhaldskerfin frá Wise, launakerfið frá Advania, ásamt ýmsum smærri kerfum frá öðrum byrgjum eins og Adobe, Echo og Camtasia.

### Prentþjónusta

Prentþjónusta kemur enn frá Origo og hefur reynst vel. Samningurinn var endurnýjaður fyrir tveimur árum vegna breytinga á magni útprentunar ( fækkun nemenda í staðnámi leiðir til minni útprentunar ).

### Netumhverfi

Eins og fram kom í síðustu skýrslu, þá var þráðlausu netið þétt og stækkað innan skólabygginga, meðal annars vegna mögulegra sölu fasteigna og breytinga á nýtingu skólahúsnæðisins. Það verkefni gekk vel en uppsetningu á skápum fyrir 1GB switchanna víðs vegar um skólann hefur seinkað m.a. vegna Covid-19. Stefnt er að því að það klárast á árinu 2021. Netþjónninn sem hýsir launakerfi (H3) skólans og settur var upp á síðasta ári hefur gengið vel. Það kerfi er frá Advania. Tilboð frá tveimur aðilum (Origo og Endor) vegna uppfærslna á aðalnetþjónum og afritunarþjóni voru metin og ákveðið að kaupa afritunarþjóninn hjá Origo en fresta uppfærslu á aðalnetþjónum skólans. Sú uppfærsla bíður og verður endurskoðuð á árinu 2021 með hugsanlegum breytingum með sumrinu. Í framhaldi af og samhliða þeirri endurskoðun var farið af stað með vinnu við að meta hvort henti skólanum að færa ákveðna netþjóna yfir í skýið (Microsoft Azure umhverfið). Þar sem flestir netþjónar skólans eru sýndarvélar þá virðist sem það gæti verið næsta skref í framþróun netkerfis skólans. Niðurstaðan varð sú að kanna frekar hvort ákveðnar þjónustur geti verið í skýinu og sú vinna gengur vel. Hugsanlega verða gerðar ákveðnar breytingar á uppsetningu netþjóna í skólanum fyrir haustið. Þá ætti ekki að þurfa að fara í dýrar uppfærslur á aðalnetþjónum og diskastæðum skólans sem getur sparað 4-7 milljónir króna.



## Markaðs- og kynningarmál

Markaðs og kynningarstarf var að mestu með hefðbundnu sniði en heimsfaraldurinn setti engu að síður svip sinn á starfið. Starfsfólk sviðsins var framkvæmdarstjóri markaðssviðs, grafískur hönnuður fyrri hluta árs og vefstjóri, og markaðsráðgjafi seinni hluta árs, bæði í hlutastarfi.

## Háskóladagurinn

Háskólinn á Bifröst tók þátt í Háskóladeginum sem haldinn var 29. febrúar 2020. Dagurinn er árlegur viðburður og samstarfsverkefni allra háskóla landsins. Háskólarnir standa saman að undirbúningi og kynningum fyrir daginn en markmiðið með honum er að kynna námsframboð á háskólastigi. Háskólinn á Bifröst var að þessu sinni með veglega aðstöðu í Háskóla Íslands en einnig með bás í Háskólanum í Reykjavík. Dagurinn heppnaðist vel og var mikil umferð af fólki um básana, sérstaklega í Háskóla Íslands.

Vaninn er að háskólarnir fari saman í hringferð um landið að loknum Háskóladegi. Af því varð ekki að þessu sinni vegna kórónuveirufaraldursins. Þess í stað var Háskóladeginum fylgt eftir með kynningum á netinu.

## Markaðsstarf

Markaðsherferðir skólans fóru fram eins og venja er til á tímabilinu apríl til júní og nóvember til desember. Vaxandi áhersla er lögð á að auglýsa á samfélagsmiðlum og sá Atli Björgvinsson um þann þátt í markaðsstarfi skólans. Notaðar voru sjónvarpsauglýsingar sem framleiddar eru af framleiðslufyrirtækinu Obbosí en einnig var auglýst í útvarpi, á vefmiðlum, í kvikmyndahúsum og samfélagsmiðlum. Unnið er jafnt og þétt yfir árið að því að framleiða myndbönd með útskrifuðum Bifrestingum í atvinnlífinu og núverandi nemendum og er þetta efni notað í markaðsstarfi skólans. Samstarf við núverandi og fyrrverandi nemendur er afar gott og er framlag þeirra til kynningarstarfs skólans mjög mikilvægt. Ráðning nýs rektors varð mikil kynning fyrir skólann allt árið. Strax og tilkynnt var um ráðninguna birtust viðtöl við verðandi rektor og allt árið var umfjöllun fjölmiðla um skólann meiri en vant er. Með ráðningu vefstjóra var ákveðið að efla fréttahluta vefsíðu skólans. Fréttum af vefsíðunni er svo miðlað markvisst á samfélagsmiðlum. Vonast er til að þetta auki kynningu á skólanum og umferð um vefsíðuna. Vegna kórónuveirufaraldursins fékk skólinn ekki heimsóknir frá framhaldsskólum á þessu ári eins og venja er til en framhaldsskólar voru.

## Nemendafélag Háskólans á Bifröst

### Stjórn nemendafélagsins á skólaárinu 2020-2021 skipuðu:

Formaður: Bjarni Heiðar Halldórsson, síðar Egill Örn Rafnsson

Fjármálastjóri: Bryndís Gunnarsdóttir

Hagsmunafulltrúi: Júlíus Andri Þórðarson

Markaðsstjóri: Líney Lilja Prastardóttir

Viðburðastjóri: Úlfur Stefaniúson

Ritari: Jóhann Benedikt Eðvarðsson, síðar Bryndís Inga Reynis

Ný stjórn tók við á nýju skólaári eftir kosningar sem fóru fram í maí 2020. Þátttaka í kosningunum var með betra móti og náðist að manna allar stöður innan nemendafélagsins. Haustið fór vel af stað og var góð mæting á vinnuhelgi fyrstu lotu, en síðan komu til samkomutakmarkanir sem urðu til þess að vinnuhelgar ársins fóru að mestu fram á Teams. Nemendafélagið stóð fyrir viðburðum á netinu til þess að reyna að halda félagsstarfi áfram, en mæting á slíka viðburði var ekki nægilega góð og ljóst að komin er ákveðin Teams-þreyta í nemendur. Vonast er til að næsta skólaár verði ekki samkomutakmörkum háð og að félagsstarf nái sér aftur á strik. Á vinnuhelgi 4. lotu opnaðist gluggi og skipulagði nemendafélagið dagskrá sem var hugsuð til þess að höfða til sem flestra, meðal annars var boðið upp á jóga í Paradísarlaut ásamt góðri dagskrá í húsnæði nemendafélagsins. Við vonumst til þess að jóga tímar verði ómissandi hluti af vinnuhelgum framtíðarinnar en fátt jafnast á við að komast út í náttúruna, tengjast umhverfinu og teygja úr sér eftir langan dag og mikla setu. Nemendafélagið hélt áfram að bæta nemendaaðstöðuna (Nemó) með því að mála, kaupa inn ný húsgögn og skipta út, úr sér gengnu hljóðkerfi fyrir nýtt. Nemendafélagið fór með skiptinema í vel heppnaðar ferðir um Snæfellsnes bæði á haust- og vorönn.

## Hollvinasamtök Bifrastar

Allir þeir sem hafa útskrifast frá Samvinnuskólanum, Samvinnuháskólanum, Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum á Bifröst verða sjálfkrafa meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar nema viðkomandi óski sérstaklega eftir því að verða það ekki. Aðrir sem geta orðið meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar eru núverandi og fyrrverandi starfsmenn skólans. Markmið Hollvinasamtaka Bifrastar eru meðal annars að efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda skólans og annarra sem bera hag skólans fyrir brjósti, að styðja við



uppbyggingu og að efla skólastarfið á Bifröst. Til að ná fram markmiðum sínum tilnefna samtökin fulltrúa í stjórn skólans og fulltrúaráð. Hollvinasamtökin eru með heimasíðu þar sem helstu upplýsingar er að finna. Einnig halda samtökin úti Facebook-síðu þar sem sjá má fréttir frá Bifröst, fréttir af Bifrestingum og svo er hægt að senda inn fyrirspurnir og gefa góð ráð. Á aðalfundi Hollvinasamtaka Bifrastar 2014 var stofnaður Hollvinasjóður Bifrastar. Megintilgangur sjóðsins er samkvæmt skipulagsskrá að efla og auka veg háskólans, m.a. með því að leggja skólanum til fjármagn til skilgreindra ákveðinna verkefna. Skilgreint fyrsta verkefni sjóðsins var viðhald á eldra húsnæði skólans, hátíðarsal og Kringlu. Fjáröflunræður hverju sinni hvað skuli framkvæma næst, allt í samráði við stjórn skólans og stjórnendur.

### Í stjórn Hollvinasjóðs Bifrastar eru:

Aðalfulltrúar: Bergþór Guðmundsson formaður

Margrét Vagnsdóttir ritari

Viðar Þorsteinsson gjaldkeri

Það er trú samtakanna að öflug Hollvinasamtök geti ekki bara orðið skólanum til góðs heldur öllum Bifrestingum, bæði þeim sem nú stunda nám við skólann og þeim sem hafa lokið námi. Samvinna og tengslanet er eitt af því dýrmætasta sem nemendur við skólann taka með sér út í atvinnulífið. Auk þessa þarf að halda tengslanetinu við og er það best gert með samvinnu í anda þess sem kennt hefur verið í skólanum um árabíl.

### Í stjórn Hollvinasamtaka Bifrastar sátu eftirtaldir á árinu 2020:

Aðalfulltrúar:

Gissur Pétursson formaður

Anna Ólöf Kristjánsdóttir

Hallur Jónasson

Varafulltrúar:

Þórdís Sif Sigurðardóttir

Þórir Páll Jónsson

## Ársreikningur 2020

Allar tölur í milljónum króna


| Rekstrarreikningur                 | 2020         | 2019         | 2018         | 2017         |
|------------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Rekstrartekjur                     | 1088.6       | 936.1        | 844.0        | 820.6        |
| Rekstrargjöld                      | 947.3        | 876.0        | 788.2        | 725.7        |
| <b>Rekstrarafgangur (-tap)</b>     | <b>141.3</b> | <b>60.1</b>  | <b>55.8</b>  | <b>94.9</b>  |
| Afskriftir                         | 21.9         | 19.1         | 23.3         | 23.1         |
| Fjármagnsliðir                     | 22.9         | 23.9         | 29.1         | 37.8         |
| <b>Hagnaður (-tap) ársins</b>      | <b>96.5</b>  | <b>17.1</b>  | <b>3.4</b>   | <b>34.0</b>  |
| <b>Eignir</b>                      |              |              |              |              |
| Fastafjármunir                     | 266.0        | 279.0        | 296.3        | 299.8        |
| Veltufjármunir                     | 144.8        | 70.1         | 54.8         | 182.6        |
| <b>Eignir samtals</b>              | <b>410.8</b> | <b>349.1</b> | <b>351.1</b> | <b>482.4</b> |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>         |              |              |              |              |
| Eigið fé                           | (53.6)       | (150.0)      | (167.1)      | (170.4)      |
| Langtímaskuldir                    | 257.4        | 270.1        | 276.8        | 369.7        |
| Skammtímaskuldir                   | 207.0        | 229.0        | 241.4        | 283.1        |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b> | <b>410.8</b> | <b>349.1</b> | <b>351.1</b> | <b>482.4</b> |

## Tölulegar upplýsingar

|                           | Nemendur    |            |            |                   |            |            | Útskriftir        |           |            | Nýnemar    |            |            |
|---------------------------|-------------|------------|------------|-------------------|------------|------------|-------------------|-----------|------------|------------|------------|------------|
|                           | Fjöldi      | KK         | KVK        | FTE               | KK         | KVK        | Fjöldi            | KK        | KVK        | Fjöldi     | KK         | KVK        |
| <b>Viðskiptdeild</b>      | <b>604</b>  | <b>173</b> | <b>431</b> | <b>346</b>        | <b>107</b> | <b>239</b> | <b>100</b>        | <b>23</b> | <b>77</b>  | <b>319</b> | <b>89</b>  | <b>230</b> |
| Grunnnám                  | 293         | 110        | 183        | 201               | 77         | 124        | 29                | 8         | 21         | 158        | 54         | 104        |
| Meistaránám               | 313         | 63         | 250        | 146               | 31         | 115        | 71                | 15        | 56         | 161        | 35         | 126        |
| <b>Lagadeild</b>          | <b>122</b>  | <b>48</b>  | <b>74</b>  | <b>82</b>         | <b>33</b>  | <b>50</b>  | <b>16</b>         | <b>8</b>  | <b>8</b>   | <b>42</b>  | <b>15</b>  | <b>27</b>  |
| Grunnnám                  | 88          | 38         | 50         | 68                | 28         | 40         | 8                 | 4         | 4          | 27         | 13         | 14         |
| Meistaránám               | 37          | 10         | 27         | 27%               | 15         | 5          | 10                | 4         | 4          | 15         | 2          | 13         |
| <b>Félagsvísindadeild</b> | <b>214</b>  | <b>62</b>  | <b>152</b> | <b>117</b>        | <b>32</b>  | <b>85</b>  | <b>48</b>         | <b>14</b> | <b>34</b>  | <b>123</b> | <b>52</b>  | <b>71</b>  |
| Grunnnám                  | 170         | 51         | 119        | 99                | 28         | 71         | 37                | 12        | 25         | 99         | 44         | 55         |
| Meistaránám               | 44          | 11         | 33         | 18                | 4          | 14         | 11                | 2         | 9          | 24         | 8          | 16         |
| <b>Háskólagátt</b>        | <b>80</b>   | <b>37</b>  | <b>43</b>  | <b>33</b>         | <b>16</b>  | <b>17</b>  | <b>12</b>         | <b>10</b> | <b>2</b>   | <b>50</b>  | <b>20</b>  | <b>30</b>  |
| Framhaldsskólastig        | 80          | 37         | 43         | 33                | 16         | 17         | 12                | 10        | 2          | 50         | 20         | 30         |
| <b>Símenntun/Opið nám</b> | <b>79</b>   | <b>17</b>  | <b>62</b>  | <b>Á ekki við</b> |            |            | <b>Á ekki við</b> |           |            | <b>43</b>  | <b>10</b>  | <b>33</b>  |
| Grunnnám                  | 59          | 14         | 45         |                   |            |            |                   |           |            | 17         | 6          | 11         |
| Meistaránám               | 21          | 3          | 18         |                   |            |            |                   |           |            | 26         | 4          | 22         |
| <b>Skiptinemar</b>        | <b>48</b>   | <b>15</b>  | <b>33</b>  | <b>Á ekki við</b> |            |            | <b>Á ekki við</b> |           |            | <b>44</b>  | <b>13</b>  | <b>31</b>  |
| Grunnnám                  | 48          | 15         | 33         |                   |            |            |                   |           |            | 44         | 13         | 31         |
| <b>Alls</b>               | <b>1138</b> | <b>350</b> | <b>788</b> | <b>31%</b>        | <b>69%</b> |            | <b>176</b>        | <b>55</b> | <b>121</b> | <b>621</b> | <b>199</b> | <b>422</b> |




Mynd 3 – Kynjaskipting eftir deildum




Mynd 4 – Búsetudreifing á Íslandi




Mynd 5 – Búsetudreifing í heiminum




Mynd 6 – Hlutfall nemenda eftir deild




Mynd 7 – Hlutfall nemenda eftir námsstigi




Mynd 8 – Hlutfall nemenda eftir kyni




Mynd 9 – Hlutfall nýnema eftir deild




Mynd 10 – Hlutfall nýnema eftir námsstigi



Mynd 11 – Hlutfall nýnema eftir kyni




Mynd 12 – Hlutfall brautskráninga eftir deild



Mynd 13 – Hlutfall brautskráninga eftir námsstigi



Kyn ● Karl ● Kona



Mynd 14 – Hlutfall brautskráninga eftir kyni

